

SJÚKRALIÐINN

3. TÖLUBLAD 20. ÁRGANGUR SEPTEMBER 2006



Forgangur sjúkraliða staðfestur

- sjá bls. 26-27



Framkvæmdastjórn

Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ):
Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður.
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður.
Margrét Þóra Óladóttir, gjaldkeri.
Kristjana Guðjónsdóttir, ritari.

Skrifstofa félagsins:

Skrifstofa Sjúkraliðafélags Íslands er að Grensásvegi 16, 108 Reykjavík.
Sími 553 9493 eða 553 9494.
Símaþrá, fax 553 9492.

Heimasíða félagsins er www.slfi.is

Skrifstofan er opin mánudaga til föstudaga frá kl. 09:00 til 17:00.

Starfsfólk félagsins annast alla almenna skrifstofuþjónustu, upplýsingamiðlun túlkun kjarasamninga og erindrektur fyrir félagið og félagsmenn.

Skrifstofan sér um sjóði félagsins svo sem félagssjóð, orlofsjóð, Minningar- og styrktarsjóð, Fræðslusjóðinn Framför, Vinnudeilu- og verkfallssjóð auk þess sem hún afgreiðir erindi Starfsmenntunarsjóðs BSRB og Styrktarsjóðs BSRB. Ennfremur sér skrifstofan um úthlutun á orlofsíbúðum og orlofshúsum félagsins í umboði Orlofsnefndar.

Starfsfólk á skrifstofu Sjúkraliðafélags Íslands

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður, netfang: kristin@slfi.is
Gunnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri, netfang: gunnar@slfi.is
Birna Ólafsdóttir, skrifstofustjóri, netfang: birna@slfi.is
Margrét Tómasdóttir, bókeri, netfang: margret@slfi.is

Sjúkraliðinn:

Sjúkraliðinn er gefinn út af Sjúkraliðafélagi Íslands í 2.900 eintökum.

Ábyrgðarmaður:

Kristín Á. Guðmundsdóttir

Ritnefnd:

Sif Eiðsdóttir, Vífilstöðum
Edda Sjöfn Smáradóttir, Vífilstöðum
María Busk, Dvalarheimilinu Hellu Rangárvöllum

Umsjón:

Gunnar Gunnarsson

Prentvinnsla og umbrot:

Stafræna prentsmiðjan ehf., Hafnarfirði



Fulltrúar sjúkraliða á fertugasta þingi BSRB árið 2003.

Mynd: EJ

Tuttugu fulltrúar

Á Fulltrúaþingi Sjúkraliðafélags Íslands voru kjörnir tuttugu fulltrúar félagsins á þing BSRB sem haldið verður á Grand Hotel í Reykjavík 25.-27. október næstkomandi, og jafn margir til vara.

Aðalfulltrúar félagsins eru þessir:

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður SLFÍ, Kristín Ólafsdóttir, varaformaður SLFÍ, Kristjana Guðjónsdóttir, ritari SLFÍ, Margrét Þóra Óladóttir, gjaldkeri SLFÍ, Jóhanna Traustadóttir, formaður Reykjavíkurborgar, Svanhildur Jónsdóttir, formaður Vesturlandsdeildar, Jóhanna Þorleifsdóttir, formaður Norðurlandsdeildar vestri, Helga Dögg Sverrisdóttir, formaður Norðurlandsdeildar eystri, Gunnhildur Ósk Sæbjörnsdóttir, formaður Austurlandsdeildar, Margrét Auður Óskarsdóttir, formaður Suðurlandsdeildar, Inga Lóa Guðmundsdóttir, formaður Suðurnesjadeildar, Torfhildur Þórarinsdóttir, varaformaður Vestmannaeyjadeildar, Edda Sjöfn Smáradóttir, formaður Sérdeildar, Erla Bára Andrésdóttir, formaður Eftirlaunadeildar, Birna Ólafsdóttir, skrifstofustjóri SLFÍ, Birna Helgadóttir, aðaltrúnaðarmaður LSH Fösvogi, Ingibjörg Viggósdóttir, aðaltrúnaðarmaður á LSH Hringbraut, Jónheiður Haralds, aðaltrúnaðarmaður LSH Landakoti, Valgerður J. Reginsdóttir, Elsa E. Sigurfinnsdóttir, uppstillinganefnd SLFÍ.

Varafulltrúar félagsins eru:

Jóhanna Garðarsdóttir, varaformaður Reykjavíkurborgar, Ásta Einþórsdóttir, Austurlandsdeild, Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir, varaformaður Norðurlandsdeildar eystri, Guri Liv Stefánsdóttir, varamaður í stjórn SLFÍ, María Þórarinsdóttir, trúnaðarmaður Reykjavíkurborgar, Gunnhildur Olga Jónsdóttir, trúnaðarmaður Reykjavíkurborgar, Björg Kristjana Sverrisdóttir, varaformaður Norðurlandsdeildar vestri, Sigríður Einarsdóttir, varaformaður Suðurlandsdeildar, Agnes Ármannsdóttir, varaformaður Suðurnesjadeildar, Guðbjörg Hjartardóttir, varaformaður Vestfjarðardeildar, Kristín R. E. Jóhannesdóttir, trúnaðarmaður Norðurlandsdeildar vestri, Anna Lilja Björnsdóttir, stjórn Norðurlandsdeildar eystri, Hafdís Sigurðardóttir, formaður Vestmannaeyjadeildar, Þorbjörg Einarsdóttir varaformaður Eftirlaunadeildar, Heiðbrá Guðmundsdóttir, fyrrverandi formaður Austurlandsdeildar, Marín Jónsdóttir, stjórn Norðurlandsdeildar eystri, Sigríður Karlsdóttir, trúnaðarmaður Norðurlandsdeildar vestri, Sigríður Sif Eiðsdóttir, formaður ritnefndar SLFÍ, Þórey Sigurðardóttir, formaður orlofsnefndar, Selma Albertsdóttir, formaður laganefndar SLFÍ.

Afmælisblað og ráðstefna

Sjúkraliðafélag Íslands verður 40 ára þann 21. nóvember næstkomandi, en félagið var stofnað sem fagfélag árið 1966. Afmælisins verður minnst með sérstakri afmælisútgáfu af Sjúkraliðanum og með ráðstefnu um sjúkraliða í nútíð og framtíð.

Stefnt er að því að afmælisblaðið komu út í fyrstu viku nóvember. Þar verður viðburðarík saga Sjúkraliðafélags Íslands fyrstu fjörutíu árin rakin í máli og myndum. Þar verður einnig sagt nánar frá hátíðarhöldum félagsins vegna þessa merka afmælis.



Hjónin Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, borgarstjóri, og Hjörleifur Sveinbjörnsson, voru á afmælishátíð Sjúkraliðafélagsins árið 1966.

Á DAGSKRÁ	2
- Afmælisblað og ráðstefna	
- Tuttugu fulltrúar á þing BSRB	
FORMANNSPISTILL	3
- Staðfesting eftir 40 ár	
SJÚKRALIÐASTARFIÐ	4-6
- Vaxandi skortur á sjúkraliðum	
- Helstu tillögur nefndarinnar	
- Samræmi námskrár og starfa mikilvægt	
MENNTAMÁL	7
- Sjúkraliðabruin að veruleika	
STUTTFRÉTTIR	7
- Ný námskeið sjúkraliða	
- Samið um Framvegis	
- Holl 31 frá 1986	
VAKTAVINNAN	8-12
- Vilja sveigjanlegan stöðugleika	
- Fimm rýnihópar	
- Að skipta máli á vinnustaðnum	
- Stutt frí, óvissa og óstöðugleiki	
- Þreyttur í marga daga á eftir	
- Slæm áhrif á heilsuna	
- Ólík viðhorf til kerfanna	
- Sveigjanleiki, festa, vaktafrí	
- Leiðir til hjálpar	
- Alltaf að vinna	
- Æskilegar breytingar	
FÉLAGSLÍF	13
- Sumarferð Eftirlaunadeildarinnar	
ERLENT SAMSTARF	14-16
- Framtíð sjúkraliða í hjúkrun	
- Stokka þarf upp verkaskiptinguna	
TRÚNAÐARMÆÐURINN	17
- Erfitt en skemmtilegt starf	
FULLTRÚAÞINGIÐ	18-24
- Þarf stöðuga og endalausa baráttu	
- Stjórnin síðasta starfsár	
- Framkvæmdastjórn félagsins	
- Starfssvið sjúkraliða verði endurskoðað	
- Staðið verði við gefin fyrirheit	
- Mótmæla óþolandi vinnuálagi á LSH	
- Skert þjónusta og aukid álag	
ÚTLÖND	25
- Fá prófið metið inn í hjúkrunarnám	
DÓMSMÁL	26-27
- Forgangur sjúkraliða staðfestur með dómi	
AUGLÝSINGAR	28
- Haustleiga orlofsheimila	
FORSÍÐUMYNDIN	
Sjúkraliði aðstoðar heimilismann á hjúkrunarheimili.	

Staðfesting eftir fjörutíu ár



Kristín Á. Guðmundsdóttir,
formaður Sjúkraliðafélags
Íslands, skrifar.

Árið 1984 fengu sjúkraliðar löggildingu með lögum frá Alþingi. Stéttin vænti mikils af nýsettum lögum og sá fyrir sér að langþráðu takmarki væri náð, enda þýddi löggilding í þeirra huga að enginn annar en sjúkraliði hefði rétt til sjúkraliðastarfa. Með því móti yrði lögð áhersla á það af hálfu yfirmanna heilbrigðismála að mennta fleiri sjúkraliða svo hægt yrði að manna allar stöður með fagmenntuðum starfsmönnum.

En Adam var ekki lengi í Paradís!

Ekki höfðu lögin fyrr verið samþykkt en lagst var yfir þau af hálfu yfirmanna sjúkrastofnana með það að markmiði að skoða á hvern hátt væri hægt að sniðganga lögin og mistúlka. Tilgangurinn var að halda áfram að ráða aðra í störf sjúkraliða þótt gögn Alþingis sýndu glögglega að ætlun löggjafans hafði alltaf verið sú að störf sjúkraliða væru löggild. Fljótlega kom fram sú mistúlkun að lögin giltu einungis um nafn stéttarinnar en ekki starfið sjálft. Þetta varð til þess að margir, sem annars hefðu lagt fyrir sig sjúkraliðanám, hættu við. Þeim fannst ekki taka því að leggja á sig námið þar sem enginn greinarmunur væri gerður á því hvort starfsmenn væru fagmenntaðir eða ekki. Ekki voru launin heldur til þess fallin að hvetja fólk til menntunar.

Það var fyrst árið 2001, eftir haðvítugt verkfall stéttarinnar, að þáverandi heilbrigðisráðherra, Jón Kristjánsson, gaf út reglugerð sem staðfesti að ekki væri heimilt að ráða aðra en sjúkraliða til sjúkraliðastarfa nema undangengin auglýsing hefði ekki borið árangur. Ekki mætti fastráða starfsmanninn nema auglýst hefði verið án árangurs á síðustu sex mánuðum.

Nú nýlega reyndi á lög og reglugerð um sjúkraliða fyrir dómstólum. Á þessu fertugasta starfsári stéttarinnar er því hægt að fagna þeim áfanga að sjúkraliðar hafa fengið óskoraðan rétt til starfa sinna. Nýgenginn dómur tók af öll tvímæli um að ekki var heimilt að ganga fram hjá sjúkraliða sem sótt hafði um starf við heilbrigðisstofnun úti á landi.

Í ljósi þess skorts sem er á sjúkraliðum í dag má ljóst vera að það var mikill dómgreindarskortur hjá stjórnendum heilbrigðisstofnana að ganga fram með þeim hætti sem gert var. Á sama hátt má líta á þann hugsunarhátt sem viðgengst enn í dag að íslenskir sjúkraliðar eru ekki viðurkenndir jafngildir til starfa og sjúkraliðar á Norðurlöndum. Í því tilliti má minnst þess að enginn munur var á verkswiði sjúkraliða í Danmörku og á Íslandi fyrir 40 árum, enda var hugmyndin að námi og starfssviði sjúkraliða sótt þangað. Það er vont til þess að hugsa að það komi til með að líða önnur fjörutíu ár þar til þau mál verði leiðrétt, og ekki er víst að sú staða sem nú er uppi í þessum efnum verði þá talið Landlæknisembættinu til sóma.

Í ljósi þess skorts sem er á sjúkraliðum í dag má ljóst vera að það var mikill dómgreindarskortur hjá stjórnendum heilbrigðisstofnana að ganga fram með þeim hætti sem gert var.

Vaxandi skortur á sjúkraliðum

Störf sjúkraliða hafa þróast og tekið breytingum í samræmi við þarfir heilbrigðisstofnana og skjólstaðinga á hverjum tíma. Á einstökum stofnunum er mikill áhugi á að styðja þessa þróun enn frekar. Skiptar skoðanir voru innan nefndarinnar um hvort það væri hlutverk hennar að hvetja til eða skilgreina nákvæmlega hvaða breytingar skyldu verða á verkswiði sjúkraliða, segir í skýrslu nefndar um framtíðarstöðu sjúkraliðastarfsins.

Samandregnar tillögur nefndarinnar eru birtar til hliðar, en hér verður vitnað til nánari umfjöllunar í skýrslu nefndarinnar til ráðherra um tvo fyrstu liðina í tillögunum, það er um starfsþróun sjúkraliða og um sérstakt átak til að fjölga sjúkraliðum. Millifyrirsagnir eru blaðsins.

Starfsþróun og íhaldssemi

Nefndin tekur undir þau markmið sem sett eru fram í kjarasamningi aðila þess efnis að mikilvægt sé að efla möguleika til starfsþróunar sjúkraliða innan stofnana. Starfsþróun er á ábyrgð starfsmanna en stjórnendum stofnana ber að styðja við starfsþróun, skapa möguleika til sí- og endurmenntunar, bjóða upp á starfsmannasamtöl auk þess að leggja fram skýrar starfslýsingar.

Með markvissri starfsþróun starfsmanna ættu stofnanir að geta aukið möguleika sína á að þróa starfsemi sína til að mæta þeim kröfum sem til þeirra eru gerðar á hverjum tíma. Þróun í þessa veru hefur átt sér stað undanfarinn ár og hafa stofnanir í samningum sínum við Sjúkraliðafélag Íslands undirstrikað vilja sinn til þessa. Fram kom í starfi nefndarinnar að misvel hefur gengið að breyta hlutum og er ljóst að íhaldssemi ræður þar einhverju.

Aukið starfssvið

Fengnir voru sérfræðingar úr heilbrigðiskerfinu til að fá viðhorf og mat



Á fundi með heilbrigðisráðherra: Frá vinstri: Gunnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ, Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðisráðherra, og Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður SLFÍ.

Nefndin

Nefndin um framtíðarstöðu sjúkraliðastarfsins var skipuð 28. apríl 2005, þremur og hálfu ári eftir að um skipun hennar var samið við gerð kjarasamnings í nóvember 2001. Hún skilaði tillögum sínum rúmu árið síðar, í lok maí 2006.

Nefndin var þannig skipuð:

Formaður Ragnheiður Haraldsdóttir, skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Aðrir nefndarmenn Sólveig Guðmundsdóttir, yfirlögfræðingur í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, Sveinn H. Skúlason, forstjóri Hrafnistu í Reykjavík og Hafnarfirði og Lilja Stefánsdóttir, hjúkrunarfræðingur, sviðsstjóri á skurðlækningasviði Landspítala-háskólasjúkrahúsi. Starfsmaður nefndarinnar var Guðrún Sigurjónsdóttir, verkefnisstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

þeirra á framtíðarstöðu sjúkraliða og þróun starfsins á næstu árum. Sem dæmi, hefur verið unnið tilraunaverkefni á öldrunarlækningadeild á LSH sem miðar að því að vikka út starfssvið sjúkraliða sem hafa lokið sérnámi í hjúkrun aldraðra. Þessi tilraun hefur að mati stjórnenda tekist mjög vel og er talinn grunnur að áframhaldandi starfsþróun sjúkraliða með sérnám.

Verið er að vinna að sambærilegum breytingum á Hrafnistu í Reykjavík og á Vífilsstöðum.

Reynsla nágrannaríkja

Vegna umræðu um starfssvið og starfsþróun kynnti nefndin sér margvísleg gögn um starfssvið sjúkraliða á Norðurlöndum og í einstökum fylkjum Bandaríkjanna (BNA). Einnig kynnti nefndin sér lög um sjúkraliða á Norðurlöndum og menntun þeirra og verkswið og bar saman við stöðuna hér á landi. Mjög er misjafnt hvernig þessum málum er háttað í hinum ýmsu ríkjum BNA og hið sama gildir um ESB. Meira samræmi er milli Norðurlandanna innbyrðis.

Nefndin kynnti sér sérstaklega menntun og starfssvið Social- og Sundhedsassistenter í Danmörku. Menntun þeirra virðist vera breiðari hvað varðar félagslega þætti en minni hvað varðar klíniska þætti ef borið er saman við menntun sjúkraliða hér á landi. Samkvæmt upplýsingum frá Sjúkraliðafélagi Íslands eru sjúkraliðar hér á landi ekki með sambærilegt verkswið innan hjúkrunar og sjúkraliðar í Danmörku fyrr en þeir hafa bætt við sig þremur önnur í sérnámi eftir grunnnám og er staðan þó ekki sambærileg því sem gerist í Danmörku.

Skiptar skoðanir

Samkvæmt lögum fer Landlæknir með eftirlitshlutverk með heilbrigðisstéttum og gerir tillögur til ráðherra heilbrigðismála á hverjum tíma um stefnumótandi atriði þar um og um starfssvið heilbrigðisstétta. Verkefni starfsstétta mótast af menntun og starfsumhverfi hverju sinni, aðstæður geta verið breytilegar frá stofnun til stofnunar. Jafnframt er starfsreynsla og starfsþróun einstaklinga mismunandi.

Störf sjúkraliða hafa þróast og tekið breytingum í samræmi við þarfir heilbrigðisstofnana og skjólstaðinga á hverjum tíma. Á einstökum stofnunum er mikill áhugi á að styðja þessa þróun enn frekar. Skiptar skoðanir voru innan nefndarinnar um hvort það væri hlutverk nefndar að hvetja til eða skilgreina nákvæmlega hvaða breytingar skyldu verða á verkswiði sjúkraliða.

Skorturinn eykst enn

Samkvæmt könnun Landlæknisembættisins frá árinu 1999 er mikill skortur á sjúkraliðum. Á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins er nú unnið að því að meta framtíðarþörf fyrir vinnuafli í heilbrigðisgeiranum næstu ár og áratugi. Fyrstu niðurstöður staðfesta að miðað við óbreytt ástand mun skortur á sjúkraliðum aukast enn frekar í fyrirsjáanlegri framtíð. Þá er ljóst að með vaxandi fjölgun aldraðra og aukinnar umönnunarbyrði langveikra verður aukin þörf fyrir sjúkraliða. Því er brýnt að styrkja allar mögulegar námsleiðir sjúkraliða. Má þar nefna til viðbótar við hina hefðbundnu framhaldsskóla-leið, fjarnám auk réttindanáms fyrir þá sem hafa sinnt aðhlyningu og sótt



Nefndin að störfum. Frá vinstri: Lilja Stefánsdóttir, Ragnheiður Haraldsdóttir, Guðrún Sigurjónsdóttir, starfsmaður nefndarinnar, Kristín Á. Guðmundsdóttir og Sveinn H. Skúlason. Á myndina vantar Sólveigu Guðmundsdóttur.

Helstu tillögur nefndarinnar

Nefndin um framtíðarstöðu sjúkraliðastarfsins var skipuð samkvæmt bókun í kjarasamningi Sjúkraliðafélags Íslands og fjármálaráðuneytisins frá árinu 2001. Hún skilaði skýrslu til ráðherra í lok maí síðstliðinn.

Nefndarmenn voru sammála um að sérstaklega skyldi leggja áherslu á eftirfarandi atriði vegna framtíðarstöðu sjúkraliðastarfsins:

* Stutt verði við starfsþróun sjúkraliða

Nefndin tekur undir þau markmið sem sett eru fram í kjarasamningi aðila þess efnis að mikilvægt sé að efla enn frekar möguleika til starfsþróunar innan stofnana.

* Sérstakt átak verði gert til að fjölga sjúkraliðum

Vakin er athygli á könnun Landlæknisembættisins frá árinu 1999 um skort á sjúkraliðum og könnun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins á árinu 2006 um framtíðarþörf fyrir vinnuafli í heilbrigðisgeiranum. Brýnt er að bregðast sem fyrst við skortinum og styrkja allar mögulegar námsleiðir.

* Ófaglært starfsfólk í umönnun fái aukin tækifæri til að bæta við sig þekkingu og fá sjúkraliðaréttindi

Mikil starfsmannavelta er meðal ófaglærðra á hjúkrunarheimilum og víðar og ýmislegt bendir til að með aukinni menntun og þekkingu verði meiri festa í starfi.

* Sett verði á fót viðbótarnám í geðhjúkrun fyrir sjúkraliða

Mælt er með að boðið verði upp á viðbótarnám í geðhjúkrun sem geri sjúkraliðum kleift að taka aukna ábyrgð á hjúkrun sjúklinga með geðraskanir.

* Áfram verði boðið upp á viðbótarnám í hjúkrun aldraðra fyrir sjúkraliða

Góð reynsla er af viðbótarnámi fyrir sjúkraliða í hjúkrun aldraðra. Mælt er með að það verði áfram í boði og sjúkraliðar studdir til þess að sækja framhaldsnám eftir því sem tók eru á.

* Starfssvið sjúkraliða í heimahjúkrun verði endurmetið

Nefndin telur að sjúkraliðar gætu í auknum mæli komið að hjúkrun sjúklinga í heimahúsum og mælt er með að heilbrigðisstofnanir endurmeti hlut sjúkraliða við heimahjúkrun með það að markmiði að auka hann.

* Fram fari kynning á námi og starfi sjúkraliða bæði á almennum vettvangi og meðal annarra heilbrigðisstétta

Nefndin telur að með kynningu á almennum vettvangi mætti auka ásókn í sjúkraliðastarfið og með kynningu meðal heilbrigðisstétta yrði betri nýting innan heilbrigðisþjónustunnar á þeirri þekkingu sem sjúkraliðar búa yfir.

námsskeið fyrir ófaglærða starfsmenn, svo kölluð „sjúkraliðabru“.

Könnun Landslæknisembættisins um skort á sjúkraliðum í febrúar árið 1999 sýndi að mjög mikill skortur væri á sjúkraliðum og miðað við heimilúð stöðugildi vantaði um 370 sjúkraliða til starfa. Þegar gengið var út frá mati hjúkrunarforstjóra á heildarþörf var talan hins vegar 860 stöðugildi. Gert var ráð fyrir að útskrifa þyrfti 300 sjúkraliða á ári til að mæta þörfinni en fyrst þyrfti að bæta við þeim 860 starfsmönnum sem að framan greinir. Skortur á sjúkraliðum var mestur á dvalar- og hjúkrunarheimilum samkvæmt heildarþörf. Hlutfallslega var mestur skortur á sjúkraliðum í Reykjavík og á Suðurlandi.

Þörf á verulegri fjölgun

Þótt 7 ár séu liðin frá því að þessi könnun var gerð þá telur nefndin að meginniðurstöður hennar séu í fullu gildi og að þörf sé á verulegri fjölgun sjúkraliða nú þegar. Vert er að geta þeirrar staðreyndar að meðalaldur félagsmanna í Sjúkraliðafélagi Íslands er 46,7 ár og stefnir í að stórir hópar sjúkraliða fari á eftirlaun á komandi árum.

Ekki hefur tekist að mæta þörf fyrir fjölda sjúkraliða í samræmi við niðurstöðu fyrrnefndrar könnunar og er fjöldi útgefna leyfisbréfa langt undir 300 á ári. Meðfylgjandi er yfirlit yfir fjölda útgefna leyfisbréfa á árunum 2001-2005. Alls voru gefin út 460 leyfi þessi ár og er meðaltalsfjöldi leyfa á ári 92. Ljóst er að fjölga þarf þeim sem útskrifast á hverju ári.

Vert er að hafa í huga að mannfjölda-spár gera ráð fyrir mikilli fjölgun í eldri aldurshópum þjóðarinnar, en slíkt er vísbending um aukna hjúkrunarþörf í samfélaginu.

Fram kom í starfi nefndarinnar að misvel hefur gengið að breyta hlutum og er ljóst að íhaldssemi ræður þar einhverju.



Hinsvegar kom það álit fram í nefndinni að almennt sé mikilvægt að hafa eðlilegt samræmi milli námsskrár og starfa, segir í skýrslu nefndarinnar um framtíð sjúkraliðastarfsins. Myndin var tekin í kennslustund í sérnámi sjúkraliða í hjúkrun aldraðra. Mynd: EJ

Samræmi námskrár og starfa mikilvægt

Nefndin telur það ekki á verksviði sínu að fjalla um nákvæmar skilgreiningar á verkefnum sjúkraliða á heilbrigðisstofnunum. Hinsvegar kom það álit fram í nefndinni að almennt sé mikilvægt að hafa eðlilegt samræmi milli námskrár og starfa.

Þetta segir í skýrslu nefndarinnar um framtíð sjúkraliðastarfsins, en þar er meðal annars fjallað um nám í öldrunarhjúkrun.

Hafa reynst afar vel

Í skýrslunni segir meðal annars um sérnámið:

Sjúkraliðar sem lokið hafa árs viðbótarnámi í öldrunarhjúkrun hafa reynst afar vel á hinum ýmsu öldrunarstofnunum. Brýnt er að styðja við þá þróun að sjúkraliðar sem sótt hafa þetta nám axli ríkari ábyrgð og að þeim séu falin flóknari verkefni í samræmi við viðmið Landlæknisembættisins þar um. Stofnanir eru hvattar til að styðja sjúkraliða til framhaldsnáms eftir því sem tæk eru á.

Sjúkraliðar sem lokið hafa viðbótarnámi í öldrunarhjúkrun hafa m.a. ráðist til starfa á Hrafnistu og á Landakoti. Gerðar hafa verið tilraunir með að endurskipuleggja þjónustuna með það að markmiði að nýta menntun þessara sjúkraliða sem best. Sem dæmi má taka tilraun sem Ingibjörg Hjaltadóttir sviðstjóri hjúkrunar á öldrunarsviði stóð fyrir ásamt sjúkraliðum og hjúkrunarfræðingum á Landakoti og laut að skipulagi þjónustu/mönnunar á deild fyrir heilabilaða. Markmið þess verkefnis voru m.a. að styrkja innra starf deilda, fullmanna þær í samræmi við þörf, þróa nýtt mönnunarmódel, nýta menntun sjúkraliða með viðbótarnám í hjúkrun aldraðra og þróa nýjar leiðir í starfi hjúkrunarfræðinga. Verkefnið hófst í febrúar 2004 og lagt var mat á það í janúar 2005. Niðurstaðan var jákvæð og höfðu sjúkraliðar staðið að fullu undir þeim kröfum sem til þeirra voru gerðar.

Bréf Landlæknis

Starfssvið sjúkraliða, sem lokið hafa viðbótarnámi í hjúkrun aldraðra, er skilgreint í bréfi Landlæknisembættisins frá 28. apríl 2005. Sjúkraliðafélag Íslands hefur komið á framfæri óánægju sinni með þessa skilgreiningu Landlæknisembættisins við ráðuneytið og telur að hún sé ekki í samræmi við námsskrá. Kom sú afstaða félagsins einnig fram á fundum nefndarinnar.

Nefndin telur það hins vegar ekki á verksviði sínu að fjalla um nákvæmar skilgreiningar á verkefnum sjúkraliða á heilbrigðisstofnunum. Hinsvegar kom það álit fram í nefndinni að almennt sé mikilvægt að hafa eðlilegt samræmi milli námsskrár og starfa.



Fjölbrautaskólinn við Ármúla: þar eru 72 við nám á Sjúkraliðabrúnni.

Mikil aðsókn

Sjúkraliðabrúin fyrir ófaglærða starfsmenn við umönnunarstörf er orðin að veruleika og mikil aðsókn að náminu. Flestir nemendanna á brúnni eru við nám í Fjölbrautaskólanum við Ármúla.

Menntamálaráðuneytið gaf grænt ljós á nýja námið í vor og nokkrir fjölbrautaskól- ar auglýstu Sjúkraliðabrúna í sumar, þar á meðal skólar í höfuðborginni, á Suðurnesjum og Suðurlandi.

Viðmið ráðuneytisins

Þau viðmið sem menntamálaráðuneytið gaf út í vor um mat á óformlegu námi einstaklinga er starfað hafa við umönnun sjúklinga án þess að hafa lokið formlega námi á sjúkraliðabraut, eru þessi:

Einstaklingar sem orðnir eru 23 ára, hafa fimm ára starfsreynslu og meðmæli frá vinnuveitanda sínum eiga þess kost að fá metið nám og starfsreynslu sem hluta af námi á sjúkraliðabraut.

Miðað er við að viðkomandi hafi að jafnaði starfað við umönnun aldraðra, sjúkra eða fatlaðra og hafi auk þess lokið starfstengdum námskeiðum á vegum stéttarféлага, sveitarféлага og/eða annarra aðila sem hafa það markmið að auka kunnáttu og færni til starfa á hjúkrunarsviði. Nám það sem hér er ræðir og er að umfangi á bilinu 230-260 stundir, skal jafngilda 12 einingum af sérgreinum sjúkraliðabrautar og stytta námið hlutfallslega í samræmi við það.

Starfsreynsla í umönnunarstörfum er metin sem hluti af náminu.

120 sóttu um í Ármúla

Aðsókn að sjúkraliðabrúnni var langmest hjá Fjölbrautaskólanum við Ármúla. Guðrún Hildur Ragnarsdóttir, kennslustjóri sjúkraliðabrautar FÁ, tjáði Sjúkraliðanum að alls hefðu borist 120 umsóknir. Skólinn tók inn alla þá sem uppfylltu skilyrðin, en það voru 80 manns. Í lok ágúst voru 72

nemendur skráðir í brúarnámið, en átta hættu við eða fóru annað. Langflestir sem hefja nám á brúnni hjá FÁ koma frá LSH.

Þess má geta að hjá FÁ hófu 28 nemendur nám í hefðbundnu sjúkraliðanámi, sem er nokkuð færri en síðastliðin ár. Þá eru 17 nemendur í sérnámi sjúkraliða í hjúkrun aldraðra, en 18 munu útskrifast úr því námi um jólin, þar af einn sjúkraliði frá fyrra ári sem þurfti að fresta útskrift þá af persónulegum ástæðum.

Fjörutíu sóttu um

Það var líka mikil aðsókn að nýju Sjúkraliðabrúnni hjá Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi. Fjörutíu sóttu um inngöngu á brúna, en einungis var pláss fyrir 18 að þessu sinni.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja tók í haust inn tvo nemendur samkvæmt Sjúkraliðabrúnni, en þeir sitja tíma með nemendum í hefðbundnu sjúkraliðanámi. Ása Einarsdóttir, umsjónarmaður sjúkraliðabrautar skólans, segir fullan hug á að bjóða á næstu vorönn upp á nám á Sjúkraliðabru á tíma sem fellur betur að fólki í vinnu, ef tiltekinn fjöldi fæst.

Aðsókn að sjúkraliðanámi í Fjölbrautaskóla Suðurnesja hefur vaxið hægt og bitandi frá því námið hófst við skólann árið 1989. Fyrstu árin var aðeins einn hópur í skólanum í senn, en síðastliðin þrjú ár hafa tveir hópar verið í skólanum samtímis og telur hvor hópur 12-14 nemendur.

Brúin bíður á Akureyri

Nám á Sjúkraliðabru var ekki tekið upp í Verkmenntaskólanum á Akureyri þar sem skólinn hafði ekki tók á að koma nemum í vin-áfangana, það er verknám á stofnunum, að sögn Borghildar Blöndal, kennslustjóra sjúkraliðabrautar skólans.

Á hefðbundinni sjúkraliðabraut skólans er nú 71 nemandi í dagskóla og 17 nemendur í fjárnámi.

Samið um Framvegis

Verzlunarskóli Íslands og BSRB hafa undirritað samkomulag um stofnun fyrirtækis um rekstur Framvegis, miðstöðvar um símenntun ehf.

Auk Verzlunarskólans og BSRB eru þrjú aðildarfélag BSRB aðilar að stofnun fyrirtækisins, en það eru Sjúkraliðafélag Íslands, SFR stéttarfélag í almannajónustu, og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar.

Námskeið sjúkraliða

Tvö ný námskeið ætluð sjúkraliðum sérstaklega eru á dagskrá Framvegis á þessu hausti. Annað fjallar um sykursýki, umönnun og meðferð, en hitt um heilabilun. Auk þess eru á dagskrá hefðbundin námskeið um sáramedferð I og II.

Pungamiðjan í námskeiðahaldi Framvegis á haustönn verður áfram á sviði heilbrigðis- og félagsgreina, en í viðleitni til að koma til móts við aðra hópa sem Framvegis vill þjóna er í boði námskeiðspakki sem kallast Markviss framsetning. Þar er boðið upp á námskeið í að tala í heyranda hljóði, ritun íslensks máls, glærugerð, vefsíðugerð og fjárnám í ensku ritmáli.

Þá stendur til að halda námskeið fyrir skrifstofufólk og stjórnsýslu stofnana og fyrirtækja í Excel, Outlook og skjala- stjórnum. Mjög áhugavert námskeið er einnig á dagskrá um varðveislu og tryggingu tölvugagna.

Nánari upplýsingar um öll námskeið á haustönn er að finna á heimasíðu Framvegis: <http://www.framvegis.is>

Holl 31 árið 1986

Þetta er áskorun til sjúkraliðahóps sem útskrifaðist 5. september árið 1986. Holl 31.

Er ekki tilvalið að hittast á afmælishátíð SLFÍ í nóvember næstkomandi og rífa upp frábært ár sem við áttum saman í skólanum?

Vinsamlegast hafið samband við Hlíf í síma 554 1603 og Ágústu Hafðási í síma 557 5473 sem fyrst.

Vilja sveigjanlegan stöðugleika

Pegar gögnin frá rýnihópunum eru greind er erfitt að finna einhlít svör við spurningunni um hvort og þá hvernig breyta megi vinnufyrirkomulaginu til að vaktavinna verði eftirsóknarverðari. Af umræðum þátttakenda í rýnihópunum um vaktakerfi má ætla að lausnin sé fólgin í einhvers konar blöndu af sveigjanleika og stöðugleika, segir í niðurstöðum Rannsóknarstofu í vinnuvernd um leiðir til að gera vaktavinnu þægilegri og eftirsóknarverðari.

Sjúkraliðafélag Íslands hafði frumkvæði að því innan BSRB að farið væri ofan í saumana á stöðu vaktavinnufólks til að bæta fyrirkomulag vaktavinnunnar. Í kjölfarið náðist samkomulag við ríkisvaldið um að láta gera ítarlega úttekt á stöðunni og leiðum til úrbóta. Rannsóknarstofa í vinnuvernd tók að sér að kanna hvernig vaktavinnufólk lítur á vinnu sína og liggur ítarleg skýrsla um þá athugun fyrir.

Í þessari grein er fjallað um samandregnar niðurstöður rannsóknarinnar, en á næstu blaðsíðum er nánar vitnað í efni skýrslunnar um kosti og galla vaktavinnu að mati þeirra sem hana stunda, og ábendingar um leiðir til úrbóta.

Samstarf á vinnustað

Það er ljóst að vaktavinnu fylgja ýmsir gallar þó svo að kostir séu einnig fyrir hendi. Þátttakendur ræddu frá ýmsum hliðum hversu erfitt það getur verið að vera í vinnu sem er ekki í takt við dægursveifluna, fjölskylduna, matartímana og samfélagið almennt.

Af umræðum þátttakenda í rýnihópunum um vaktakerfi má ætla að lausnin sé fólgin í einhvers konar blöndu af sveigjanleika og stöðug-



Forsíða skýrslunnar um viðhorf vaktavinnufólks.

Fimm rýnihópar

Við gerð skýrslunnar var rætt við vaktavinnufólk í svokölluðum rýnihópum til að fá betri tilfinningu fyrir því hvernig starfsfólk upplifir vaktavinnuna.

Tekið var mið af kyni, aldri og starfsstétt við val á fólki í hópana. Þátttakendur voru alls 35, 18 konur og 17 karlar, og aldursdreifingin var á bilinu 22-80 ára. Þátttakendur komu frá hinum ýmsu starfshópum á sviði umönnunar, löggæslu og ýmissa annarra þjónustustarfa. Flestir starfsmenn komu af höfuðborgarsvæðinu, þó komu tveir þátttakendur frá Suðurlandi og einn frá Reykjanesi.

Tekin voru viðtöl við fimm rýnihópa og þátttakendur voru 6-8 ásamt tveimur spyrjum í hverjum hópi. Hvert viðtal var um það bil ein og hálf klukkustund á lengd.

leika. Sveigjanlegur stöðugleiki hlýtur þó að taka á sig ólíkar myndir eftir því um hvaða starfsstéttir, vinnustaði og vinnuvenningu er að ræða. Einnig kom fram að persónubundnir þættir eins og kyn, aldur, starfsaldur, fjölskyldustaða og jafnvel persónuleiki hafa áhrif á hvernig fólk telur að helst sé hægt að koma til móts við vaktavinnufólk, en þær niðurstöður eru í samræmi við erlendar rannsóknir.

Til þess að gera fyrirkomulag vaktavinnu og vaktavinnu yfirleitt eftirsóknarverðari virðist höfuðatriði að efna til samstarfs stjórnenda og starfsmanna á hverjum vinnustað þar sem allir aðilar skoða í sameiningu viðhorf sín til vinnufyrirkomulagsins og hvernig mætti breyta því og bæta.

Stjórnendur voru flestir sammála um að lykillinn að aukinni ánægju vaktavinnustarfmanna fælist í því að bjóða upp á sveigjanlegt vaktafyrirkomulag þar sem starfsmenn hefðu aukið val um hvernig og hvaða vaktir þeir vildu vinna. Þó mætti þessi sveigjanleiki ekki bitna á þeirri þjónustu sem verið er veita á hverjum vinnustað og ekki verða til þess að „frokustu“ starfsmennirnir fái vilja sínum framgengt en þeir, sem eru óframfærnari og hógværi, sitji eftir með óvinsælustu vaktirnar.

Það sem einnig skiptir miklu máli og ekki var athugað sérstaklega í þessari rannsókn er hve vaktavinnustörf geta verið ólík að inntaki. Það vaktafyrirkomulag sem hentar til dæmis slökkviliðsmönnum hentar kannski ekki starfsmönnum á sambýli og öfugt.

Breyttir tímar

Engin einhlít svör er að finna í gögnunum við spurningunni: Hvaða leiðir eru til þess að leysa þann vanda að sí-

Að skipta máli í vinnunni

Í umræðunni í hópi unga fólksins kom fram að mörg þeirra töldu sig vinna töluverða aukavinnu, en að ákveðnir þættir hefðu áhrif á hversu viljug þau væru að taka aukavaktir, til dæmis hvort og hvenær þau hefðu þörf fyrir aukapeninga, en einnig mikilvægi þess að finna fyrir því að þau skiptu máli á vinnustaðnum sínum, að þau væru höfð með í ráðum og að stjórnandi þeirra væri sveigjanlegur og kæmi til móts við þau.

Hér er brot úr umræðu ungu þátttakendanna þar sem kemur fram hve mikilvægt það er að skipta máli:

Svava: Ef þér finnst þú bara vera enn ein manneskjan sem mannar þessa 8 tíma vakt þá er þér skítsama, en ef þér finnst þú skipta máli, þá ertu tilbúin, þá er deildin þín og þú ert tilbúin að láta hana virka.

Jónas: Já, ef þú færð ekkert klapp á bakið þá skiptirðu engu máli.

Svava: Nei, það er bara svona þú veist: ef þú kemst ekki þá bara kemur næsti. [...] Ef þú ert látinn halda það, eða ef þú skiptir máli, skilurðu, þá ertu tilbúin til að vinna meira í þágu deildarinnar.

Í framhaldi af þessari umræðu kom fram að Svövu fannst mikilvægt að stjórnendur væru sveigjanlegir í samskiptum sínum við starfsfólk:

Svava: Ef [stjórnandinn] sýnir smá svona sveigjanleika, þá ert þú líka miklu sveigjanlegri. Ef það er einhvern tímann gert eitthvað fyrir mig, er ég tilbúin til að vakna klukkan sjö og koma á aukavakt. Sko ég er tilbúin til að leggja harðar að mér og vera lengur ef það þarf og eitthvað svona. ... sem gerir það að verkum að hitt starfsfólkið verður ánægðara með mig og þú veist, ég meina, þetta er bara keðjuverkun.

fellit erfiðara er að manna nætur-, helgar- og stórhátíðavaktir á stofnunum? Þó skal tekið fram að þótt viðtalsramminn hafi ekki innihaldið spurningar um kaup og kjör ræddu allir hóparnir hvernig hægt væri að koma til móts við vaktavinnufólk með því að hækka launaálag á þeim vöktum, sem erfitt væri að manna, og flestir þátttakendur töldu jafnframt að það ætti að minnka vinnuskyldu vaktavinnustarfsmanna, sérstaklega þeirra sem vinna þrískiptar vaktir og næturvaktir.

Það kom einnig greinilega fram hjá sumum þátttakendum að margir telja sig vinna mjög mikið - allar gerðir af vöktum og mikið af aukavöktum þar að auki. Einnig er athyglisvert að sumir stjórnendanna könnuðust ekki við að það væri erfiðara nú en áður að manna þessar vaktir. Út frá umræðunum má ætla að vandinn, sem við er að glíma, tengist tilteknum starfsstéttum, vinnustöðum og inntaki starfa.

Sé tekið mið af vangaveltum þátttakenda um það hvernig tímarnir hafa breyst má aftur á móti segja að stofnanir og atvinnurekendur séu í dálítið erfiðri stöðu þar sem skilaboð þátttakenda eru að einhverju leyti þau að það sé einfaldlega margt sem þeir þurfa að huga að í lífi sínu utan vinnunnar og sumir eru farnir að láta fastakaupið duga í stað þess að taka mikið af óvinsælum vöktum.

Tímarnir eru breyttir. Ungu fólkið vill verja tíma með börnum sínum og

sinna félagslífinu, sjálfsmynd þess snýst ekki einungis um vinnuna; menntun hefur aukist og fólk upplifir sig hafa fleiri möguleika en áður. Áhersla á fjölskyldulíf og frítíma er að aukast - fólk virðist í auknum mæli hafa efni á að bera virðingu fyrir frítíma sínum. Fleiri og fleiri karlar eru „komnir með kerrurnar“ þó svo konur virðist reyndar enn víða vera í tvöfaldri vinnu, þ.e. á heimilinu og vinnustaðnum.

Að skipta máli

Í niðurstöðum skýrslunnar er sérstök athygli vakin á ummælum ungrar konu um mikilvægi þess að skipta máli á vinnustaðnum:

Hún bendir á að það sé á ábyrgð stjórnenda að stuðla að þannig vinnuumhverfi að fólki finnst það skipta máli; fái að taka þátt í starfsþróun vinnustaðarins og sé haft með í ráðum. Ef það eru ekki lengur einungis peningar sem knýja fólk til að taka óvinsælu vaktirnar þarf mögulega að finna leiðir til að fólki þyki vænt um

vinnustaðinn sinn og vilji leggja mikið á sig til að sjá árangur.

Það er því áskorun á hverjum vinnustað að finna leiðir til að stuðla að samábyrgð starfsmanna gagnvart vinnustaðnum þannig að þeir vilji starfa þar og skila góðu verki.

Framhaldsrannsókn

Á heildina litið voru viðhorf þátttakenda til ólíkra þátta vaktavinnunnar afar margbreytileg. Oft var það svo að það sem einum fannst kostur fannst öðrum galli og öfugt. Þannig má að vissu leyti segja að upplifun þátttakenda hafi verið mjög einstaklingsbundin þar sem þættir eins og starf, starfsvettvangur, starfsstétt, aldur, starfsaldur, kyn og félags- og fjölskyldustaða móta upplifun og skoðanir einstaklinga með ólíkum hætti. Út frá gögnunum má þó einnig sjá ákveðnar tilhneigingar, sem virðast ná út fyrir einstaklingsbundna upplifun, og gefa til kynna stærri munstur sem eru ekki bara einstaklingsbundin.

Til þess að skoða það nánar þyrfti að gera framhaldsrannsókn, til dæmis könnun með úrtaksstærð af nægum styrk til að unnt sé að draga marktækar ályktanir um viðhorf og skoðanir vaktavinnufólks almennt. Í slíkri framhaldsrannsókn væri áhugavert að skoða sérstaklega viðhorf vaktavinnufólks af erlendum uppruna sem og starfsmanna úti á landi.

Slík framhaldsrannsókn er nú í undirbúningi.

Út frá umræðunum má ætla að vandinn, sem við er að glíma, tengist tilteknum starfsstéttum, vinnustöðum og inntaki starfa.

Stutt frí, óvissa og óstöðugleiki

Í umræðum í rýnihópunum um helstu galla vaktavinnu komu upp fleiri atriði en þegar rætt var um kostina. Mörg þeirra atriða lúta að skipulagi vakta og fría, en vaktavinnufólki finnst mjög slæmt þegar óvissa eða óstöðugleiki einkennir skipulag vakta.

Fólki fannst slæmt þegar mikil óvissa er um vaktarúlluna, til dæmis þegar hún liggur ekki tímanlega fyrir eða þegar hún tekur sífellt miklum breytingum frá einu vaktatímabili til annars. Einnig var afar óvinsælt þegar vaktarúllan er illa skipulögð, til dæmis þegar mikið er um skipti frá kvöldvakt yfir á morgunvakt. Ör breyting vakta, það er að skipta oft á milli dag-, kvöld- og næturvakta, féll heldur ekki vel í kramið hjá þátttakendum. Það er því óvissan, óstöðugleikinn og örur breytingar sem þátttakendum er illa við þegar kemur að skipulagi vakta.

„Fastar“ aukavaktir

Umræðan um aukavaktir var mjög tvíbent. Annars vegar kom fram hve gott er að geta tekið aukavaktir og hækkað launin, en hins vegar kvörtuðu margir undan „aukavaktavabbi“ þegar stöðugt vantar fólk á vaktir ýmist vegna manneklur, lágmarksmönnunar eða veikinda. Sumir þátttakendur, sem komu frá hefðbundnum karlavinnustöðum, ræddu hvernig aukavaktir um helgar eru fremur regla heldur en undantekning og gengu undir nafninu „fastar aukavaktir“.

Umræða um 12 tíma vaktir var einnig tvíbent. Sumum fannst 12 tíma vaktir „tímaskekkja“ og „nátttröll“ í nútímasamfélagi, að þær væru ekki fjölskyldu- og félagsvænar og einungis hannaðar fyrir einhleypa, barnlausa karla. Aðrir töldu gott að



Margir sjúkraliðar ganga vaktir á heilbrigðisstofnunum, þar á meðal á stærsta vinnustað stéttarinnar, Landspítalanum. Myndin er af LSH Fossvogi.

Mynd: EJ

geta tekið 12 tíma vaktarnir og eiga þá góð frí inn á milli. Verst fannst fólki að fá ekki að ráða hvort það ynni 12 tíma eða ekki og að á sumum vinnustöðum væru einungis í boði 12 tíma vaktir.

Nætur- og helgarvaktir

Svipuð umræða var um næturvaktir og starfshlutfall. Þátttakendum fannst að næturvaktir ættu að vera val starfsmanna en ekki hluti af vaktarúllunni og mikilvægt að fólk hefði eitthvert svigrúm til að velja starfshlutfall.

Sama átti við um skipulag helgarvakta, það er hve margar helgarvaktir fólk var tilbúið að vinna í mánuði. Sumum fannst of mikið að vinna aðra hverja helgi, sérstaklega þeim sem voru með börn. Öðrum fannst gott að þurfa ekki að vinna nema aðra hverja helgi og vera lausir við beina eða óbeina kvöð um að vinna „fastar aukavaktir“ um helgar þar að auki.

„Stöðugt í vinnunni“

Töluvert var rætt um vaktafríin. Á sama hátt og þátttakendur voru ánægðir með

„lög frí“ voru þeir óánægðir með „stutt frí“. Svokölluð „stutt frí“ myndast til dæmis þannig að fólk er á kvöldvakt fyrir frídag eða fríhelgi og svo á morgunvakt eftir fríið. Þótt margir hafi talið fríin fyrir kvöldvaktir til kosta fannst sumum þessi frítími ekki nýtast þar sem þeir upplifðu þennan tíma bara sem bið eftir því að fara á vaktina.

Einnig var rætt um að vaktafríin nýttust ekki alltaf sem skyldi þar sem stór hluti þeirra færi oft í að ná sér niður eftir mikla vaktatörn og óreglulega vinnu, sérstaklega hjá þeim sem unnu þrískiptar vaktir (dag-, kvöld- og næturvaktir). Sum kvörtuðu undan neikvæðu svefnmynstri, ýmist svefnleysi eða óhóflega miklum svefni í vaktafríum, sem þau töldu að stafaði af stöðugri „róteringu“ ólíkra vakta.

Í þessu samhengi tjáðu mörg þá tilfinningu að finnast þau vera stöðugt í vinnunni þar sem þau næðu aldrei almennilega að ná sér niður á milli vakta. Í tengslum við þetta spunnust oft upp umræður um réttmæti þeirrar kröfu sumra stétta vaktavinnufólks að 80% vaktavinna ætti að jafngilda 100% dagvinnu.

Þreyttur í marga daga á eftir

Það virðist vera upplifun sumra að vaktavinnufríin nýtist ekki sem skyldi í 100% vaktavinnu, að fólk nái ekki að hlaða batteríin á milli vakta og vaktatarna. Þegar gögnin voru skoðuð með það fyrir augum að sjá hvernig fólk lýsti vakta-

vinnunni komu fram eftirfarandi orð og orðasambönd:

Engin rútína - rugl - lýjandi að vera að skipta svona mikið um vaktir - maður brennur út ef maður er lengi í þessu - stöðug breyting á vaktarúllunni - sikk sakk - andleg og líkamleg

þreyta - neikvætt svefnmynstur - alveg búin á því.

Þegar fólk lýsti næturvöktunum voru það setningar eins og:

Þreyttur í marga daga á eftir - timbraður - fer einhvern veginn í skapið á mér - engan veginn heilbriggt fyrir líkamann, hvorki

andlega né líkamlega - maður er lengi að ná sér eftir þetta - stressaður yfir að ná ekki nægum svefni - slæmt í dimmasta skammdeginu: það er dimmt þegar maður sofnar og dimmt þegar maður vaknar - vorkunnarmatur.

Slæm áhrif á heilsuna

Þegar rætt var í rýnihópnum um samspil vaktavinnu, heilsu og líðanar má segja að þátttakendur hafi helst lagt áherslu á neikvæð áhrif næturvakta á heilsu sína og líðan, svefn og mataræði.

Nokkur dæmi um þau neikvæðu áhrif sem nefnd voru:

- Vaktavinna er álag í sjálfru sér.
- Stöðugar næturvaktir eru slítandi.
- Næturvaktir eru ávísun á kulnum í starfi.
- Kvillar og svefnleysi fylgja næturvöktum.
- Erfiðara með árunum að stunda vaktavinnu.
- Undirmönnun eykur álagið.
- Aukin hætta er á lyfja- og áfengismisnotkun.
- Matartímar verða óreglulegir og fæðið óhollt.
- Skortur á mótuneytum.
- Leitað í sælgetissjálfsala að fá sér vorkunnarmat.

Ólík viðhorf til kerfanna

Það vekur athygli hversu ólík upplifun fólks er af vaktastjórnunarkerfunum, segir í skýrslunni, en þar er átt við óskaleiðina sem er hluti af hugbúnaðarkerfunum Oracle/VinnuStund og Time Care sem tekin hafa verið upp á ýmsum vinnustöðum.

Ein skýring á þessari niðurstöðu getur verið sú að óskaleiðin henti ekki á fámennum vinnustöðum þar sem svigrúmið er í raun ekki til staðar, en einnig má ætla að menning vinnustaða geti verið með ólíkum hætti. Ætla má að hæfni stjórnenda skipti hér máli sem og persónubundin viðhorf einstaklinga.

Það kom þó fram, með nokkuð skýrum hætti, að þátttakendur sem komu frá starfsstéttum sem eru mótaðar af konum, lögðu mikla áherslu á sveigjanleika þar sem fólk getur lagað vinnuna að einkalífínu, en þátttakendur frá starfsstéttum sem eru mótaðar af körlum, lögðu meiri áherslu á stöðugleika þar sem fólk lagar einkalíf sitt að vinnunni.

Skýringin getur að einhverju leyti verið sú að konur bera enn mun meiri ábyrgð en karlar á heimilis- og fjölskyldulífi og oft er talað um að konur vinni alla jafna tvöfalda vinnu - þá launuðu og þá ólaunuðu.



Rannsóknarstofa í vinnuvernd kynnti könnunina á ráðstefnu sem haldin var á Hótel Sögu. Kristín Ólafsdóttir, Hulda Ragnarsdóttir, Agnes Ármannsdóttir, Birna Ólafsdóttir og Kristín Á. Guðmundsdóttir fylgjast með kynningunni.

Sveigjanleiki og festa

Flestu vaktavinnufólki í rýnihópnum fannst það kostur þegar vaktavinnan mætir þörfum þeirra um sveigjanleika en á sama tíma var lögð áhersla á ákveðinn stöðugleika þannig að fólk upplifi ákveðna reglu í óreglunni. Einnig voru „löng frí“ talin til mikilla kosta sem og frí á óhefðbundnum tímum þegar aðrir eru í vinnunni.

Sveigjanleikinn

Í umræðu um kosti vaktavinnu var oft minnst á atriði eins og þessi:

Að geta breytt starfshlutfallinu eftir því hvernig hentar manni í lífinu hverju sinni.

Að eiga þann valkost að geta unnið sér inn aukapeninga með aukavöktum.

Að það sé hægt að semja við samstarfsmenn um skipti á vöktum (innbyrðis skipti).

Að hægt sé að fá frí og skulda vinnustaðnum vaktir en vinna þær seinna í staðinn.

Einnig fannst mörgum það kostur þegar stjórnendur vinna vaktáætlanir í samstarfi við starfsmenn sína, það er þegar starfsmenn eru hafðir með í ráðum við skipulag vakta. Þessa þætti mætti flokka undir ákveðinn sveigjanleika sem þátttakendur voru ánægðir með.

Festa fram í tímann

Á móti kom að margir töldu mikilvægt að geta séð hvernig vaktirnar þeirra ráðast langt fram í tímann. Sumum fannst mikill kostur og gott fyrir starfsandann á vaktinni að vera alltaf með sama fólki á vakt - að geta gengið út frá því hverjum maður „lendir með á vakt“.

Þau sem voru á sérstakri vaktalínu þar sem vaktakerfið var alltaf það sama, voru

mörg mjög ánægð með það og lýstu því fyrirkomulagi sem ákveðnum stöðugleika - eða reglu í óreglunni.

Fríin helsti kosturinn

Fríin voru annað atriði sem allir voru sammála um að væri einn helsti kosturinn við vaktavinnuna. Fólk var ánægt með svokölluð „löng frí“ þar sem vaktirnar ráðast með þeim hætti að starfsmaður er á morgunvakt daginn fyrir frídag eða fríhelgar og fer svo á kvöldvakt eftir fríið. Þátttakendur töldu frídaga í miðri viku mikinn kost við vaktavinnuna og flestum fannst einnig tíminn fyrir kvöldvakt nýttast vel.

Athygli vakti að sumar kvennanna voru sérstaklega ánægðar með þennan tíma sem þær höfðu fyrir kvöldvakt á virkum dögum því að þá fengu þær einnig frí frá fjölskyldunni. Þær gátu verið í friði og ró heima meðan maki og börn voru í vinnu og skóla. Í þessu sambandi notaði einn þátttakenda orðin „minn tími“.

Margir þátttakenda komu jafnframt inn á hve þægilegt það er að sinna erindum, versla og sækja aðra þjónustu, á tímum þegar flestir aðrir eru í vinnunni. Sumir, þá aðallega karlar, nefndu það sem kost að geta tekið að sér ýmis önnur verkefni í vaktufríum - launuð og ólaunuð. Fólk var einnig ánægt með vetrarfríið en það kom ekki fram í umræðunni að þátttakendur teldu ástæðu til að lengja það.

Einnig kom fram ánægja með ákvæði í kjarasamningum sem gefur fólki rétt til að hætta vaktavinnu við 55 ára aldur og vinna þá einungis dagvaktir. Mögulegt er að fólk meti sem svo að gallar vaktavinnunnar séu farnir að vega upp á móti kostunum þegar fólk eldist.

Alltaf að vinna

Margir töldu að vaktavinnan og ör skipting ólíkra vakta geti gert það að verkum að fólki finnst það alltaf vera að vinna, eða eins og Rósa sem vinnur í umönnunargeiranum sagði:

Mér finnst reyndar að ef maður er í 100% vinnu í svona breytilegu vaktakerfi þá finnst mér ég oft vera alltaf að vinna. [...] Kannski einn frídagur, þú veist, og einn frídagur er bara svo lítill. Svo koma kannski fimm vinnudagar, og aftur einn frídagur skilurðu. Síðan kemur önnur hvor helgi frí.

Æskilegar breytingar

Þegar þátttakendur í rýnihópunum ræddu hverju þeir vildu breyta eða hvað þeir vildu bæta bar ýmislegt á góma. Þátttakendur í umönnunarstörfum lögðu meðal annars áherslu á:

Að koma reglu á aukavaktir til að losna við „aukavinnukvabb“.

Að boðið væri upp á handleiðslu fyrir fólk í andlega erfiðum störfum.

Að starfsmönnum væri boðið upp á meiri fræðslu í vinnutíma.

Að frí, bæði í miðri viku og um helgar, væru ávallt „löng“.

Að vaktaálag á auka-, kvöld-, helgar- og stórhátíðavöktum væri hækkað.

Könnunin

Rannsóknastofu í vinnuvernd var falið að kanna aðstæður, aðbúnað og viðhorf vaktavinnufólks til vaktavinnu og hvort og þá hvernig breyta mætti vinnufyrirkomulaginu svo að starfið yrði eftirsóknarverðara. Í skýrslunni sem hér er sagt frá er að finna niðurstöður rannsóknarinnar sem gerð var í desember 2005 og janúar 2006.

Hildur Fjóra Antonsdóttir sá um framkvæmdina og skrif lokaskýrslu, en sérfræðingar hjá Rannsóknastofu í vinnuvernd dr. Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, dr. Herdís Sveinsdóttir og dr. Hólmfríður K. Gunnarsdóttir, komu að hönnun, gagnaöflun og túlkun ásamt Hildi Fjólu.



Starf sjúkraliðans er oft erfitt, en hægt er að draga úr ókostum vaktavinnu með ýmsum hætti. Myndin er af LSH Landakoti. Mynd: EJ

Leiðir til hjálpar

Það eru til ýmsar aðferðir til að draga úr neikvæðum áhrifum vaktavinnu á heilsu, líðan og svefn starfsfólks.

Júlíus K. Björnsson birti árið 2000 lista yfir helstu atriði sem rannsóknir hafa sýnt að mikilvægt sé að hafa í huga til að draga úr neikvæðu áhrifunum. Þar eru tilgreind eftirfarandi atriði:

- * Fræða starfsmenn um áhrif vaktavinnu til að gera einstaklingum kleift að fyrirbyggja og/eða milda þessi áhrif.
- * Koma í veg fyrir eða fækka, sem kostur er, vöktum sem sífellt eyðileggja eðlilegan svefntíma, það er svefn á eðlilegum tíma sólarhrings.
- * Breyta um vinnutíma með klukkunni, en ekki á móti henni, ef til dæmis um þrískiptar vaktir er að ræða.
- * Hafa sem mesta reglu á vaktabreytingum og skipulagi.
- * Fræða starfsmenn um svefn og svefnheilsufræði, þannig að þeir geti tryggt sér sem bestan svefn þegar þeir þurfa að sofa.
- * Tryggja nægilega langa og góða hvíld og frí á milli vakta, þannig að ekki hlaðist upp þreyta og syfja

(koma í veg fyrir aukavinnu sem kemur niður á hvíld).

- * Vanda sem mest til lýsingar á vinnustað þar sem unnið er á nóttunni, þar sem vitað er að framleiðsla melatóníns stöðvast af birtu. Þannig má stuðla að því að starfsmaðurinn verði betur vakandi þegar hann þarf á því að halda.
- * Leggja sig stuttan tíma fyrir næturvakt. Það er betra en að leggja sig á vaktinni.
- * Taka tillit til þess að vaktavinna eða síbreytilegur vinnutími og næturvinna er erfiðari fyrir þá sem eru kvöldsvæfir og árrisulir.
- * Taka tillit til þess að svefn og dægur-sveifla breytist/styttist með hækkanandi aldri og laga vinnufyrirkomulagið að þeim sem eiga orðið erfitt með skiptingar, gefa þeim eldri tækifæri til að hætta vaktavinnu ef mögulegt er.
- * Gefa starfsmönnum tækifæri til þess að leggja sig stutta stund á vaktinni, ef tækifæri er til, þetta bætir líðan þeirra, kemur í veg fyrir óafvitandi syfju, eykur árvekni og bætir athygli.
- * Hafa næturvaktir sem fæstar í einu.



Minjasafnið í Bjarnahöfn. Þar fengu gestir hákarl, harðfisk og kaffi.



Nestið var tekið upp á Lýsuhóli.

Sumarferð á Snæfellsnes

Sumarferð Eftirlaunadeildar Sjúkraliðafélags Íslands var að þessu sinni farin á norðanvert Snæfellsnes.

Veður var ekki upp á það besta þegar lagt var af stað frá Reykjavík klukkan níu að morgni miðvikudagsins 7. júní, segir Sigurbirna Hafliðadóttir í frásögn sinni af ferðinni. Það var hellirigning, en hver spáir í það í svo góðum félagsskap. Leiðsögumaður var Ásgeir Pálsson, sem hefur áður verið með okkur til leiðsagnar í félagsferð.

Fagnaðarfundur

Það var fagnaðarfundur hjá mörgum sem höfðu ekki sést í langan tíma. Þar á meðal voru tveir sjúkraliðar sem höfðu ekki sést í fjörutíu ár, það var ótrúleg stemming að sjá undrunina í svip beggja. Ert þú ekki Sigga? Og þú ert Erna. Og það var faðmast. Þær höfðu leikið sér saman sem börn, en svo skildu leiðir. Báðar fóru í sjúkraliðanám, giftu sig og eignuðust sína fjölskyldu. Þær höfðu haft fregnir af hvorri annarri, en ekki hist í öll þessi ár fyrr en nú.

Það eru svona atvik sem gera þessar ferðir svo skemmtilegar, það er að hitta fyrrum félagamenn og endurnýja kynnin.

Hákarl og harðfiskur

Við áðum í Lýsuhóli, þar var nestið borðað og skálað í góðu sérri. Ekið var að Búðum, um Hellissand og Ólafsvík og farið í Bjarnarhöfn. Þar var minjasafnið og kirkjan skoðuð undir leiðsögn, smakkað á hákarli og harðfiski og drukkið kaffi. Þaðan var haldið á Hótel Stykkishólm og þar snæddur góður matur.

Á heimleið var komið gott veður, en hópurinn kom til Reykjavíkur um klukkan ellefu um kvöldið að lokinni skemmtilegri sumarferð.



Ferðanefndin sem skipulagði sumarferð Eftirlaunadeildarinnar á Snæfellsnes: Hlín, Þorbjörg og Helga.



Ert þú ekki Sigga? Jú, og þú Erna. Tveir sjúkraliðar hittust í ferðinni í fyrsta sinn í fjóra áratugi.



Hildibrandur í Bjarnarhöfn sýndi sjúkraliðunum kirkjuna.



Svipmyndir af íslenskum fulltrúum á ráðstefnu EPN í Þórshöfn í júní síðastliðnum. Á myndinni til vinstri má sjá Birnu Ólafsdóttur, skrifstofustjóra SLFÍ, og Kristínu Á. Guðmundsdóttur, formann SLFÍ, en á myndinni til hægri í fremri röð Jóhönnu Traustadóttur og Torfhildi Þórarinsdóttur, en í aftari röðinni Margréti Auði Óskarsdóttur og Margréti Þóru Óladóttur.

Fagráðstefna EPN í Færeyjum:

Framtíð sjúkraliða í hjúkrun rædd

Tólf sjúkraliðar úr stjórn Sjúkraliðafélags Íslands tóku þátt í fagráðstefnu sem haldin var í Þórshöfn í Færeyjum þann 2. júní síðastliðinn í tengslum við þing Evrópusambands sjúkraliða (EPN). Yfirskrift ráðstefnunnar var: Framtíð sjúkraliða í hjúkrun innan heilbrigðis- og félagsgreina.

Ráðstefnan var vel sótt af sjúkraliðum frá Finnlandi, Færeyjum, Íslandi, Luxemborg og Noregi. Fyrirlesarar voru frá sam-tökum sjúkraliða í öllum þessum löndum. Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður SLFÍ, flutti erindi fyrir Íslands hönd og er það birt í þessu tölublaði Sjúkraliðans.

Að ná til unga fólksins

Mönnunarvandi heilbrigðiskefisins er mikill í Evrópulöndum þar sem þjóðirnar eldast hratt og unga fólkið hefur margra kosta vöð um menntun og störf.

Fram kom í erindum á ráðstefnunni að misjafnlega gengur að fá ungt fólk til að leggja fyrir sig störf á hjúkrunarsviði. Og það er ekki nóg að fá ungt fólk til að mennta sig til hjúkrunarstarfa; vandinn er ekki síður að halda fólki í þeim störfum.

Í Noregi mun að óbreyttu skorta um 20 þúsund sjúkraliða árið 2020. Sjúkraliðar hafa haft tvenns konar starfsréttindi þar í landi, sem hjálpepleiere og omsorgs-arbeidere, en nú hefur menntunin verðið endurskipulögð undir nýju starfsheiti, helsefagarbeider. Þetta er tilraun af hálfu



Birna Ólafsdóttir, skrifstofustjóri SLFÍ, Meta Johannesen, fyrrum formaður félags sjúkraliða í Færeyjum, og Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður SLFÍ.

heilbrigðisstofnana og stéttarfélags sjúkraliða til að fá ungt fólk til að fara í nám sem gefi meiri möguleika á sérnámi, viðbótar-menntun og starfsþróun en gamla kerfið.

Hár meðalaldur

Í Finnlandi er mikil aðsókn að námi á heilbrigðis- og félags sviði, en brottfallið úr starfi er mikið vegna þess að starfið er ekki

Mörgum finnst að starf sjúkraliðans sé ekki aðeins erfitt andlega og líkamlega, heldur fái starfsfólkið ekki næg tækifæri til að hafa áhrif á innihald starfsins.

samkeppnishæft við önnur störf í samfélaginu. Meðalaldur fastráðinna starfsmanna í þessum geira er hár, eða um 46 ár, og ljóst að á næstu tíu árum mun um þriðjungur þeirra fara á eftirlaun. Í þeirra stað, og til að mæta aukinni þörf, þarf því að fá um 150 þúsund nýtt fólk til starfa.

Finnar hafa leitast við að gera vinnustaðinn í heilbrigðiskerfinu meira aðlaðandi fyrir starfsfólk til þess að halda fólki lengur. Það er margt sem hefur áhrif á starfsgleði á vinnustaðnum; samskiptin við sjúklingana, inntak vinnunnar, jafnvægið milli starfs og einkalífs, möguleikar á starfsþróun, launin, vinnufélagarnir og yfirmennirnir. Finnskar kannanir leiða í ljós að mörgum finnst að starf sjúkraliðans sé ekki aðeins erfitt andlega og líkamlega, heldur fái starfsfólkið ekki næg tækifæri til að hafa áhrif á innihald starfsins. Þetta leiðir oft á tíðum til þess að fólk leitar í önnur störf.

Markmiðið að verða best

Færeyingar hafa náð þeim merka áfanga að færa sjúkraliðanámið heim, en lengst af hafa færeyskir nemendur þurft að sækja slíkt nám til Danmerkur.

Skólatýra Heilsuskúli Føroya flutti erindi á ráðstefnunni og sagði það markmið skólans að veita nemendum bestu sjúkraliðamenntun á Norðurlöndum. Í erindinu lagði hún áherslu á þá ósk sína að menntun sjúkraliða yrði nýtt til fulls í starfi.

Kristín Á. Guðmundsdóttir á þingi EPN í Færeyjum:

Stokka þarf upp verkaskiptinguna

Á árinu 2005 var hátt í 50% meiri starfsmannavelta á sjúkraliðum en á hjúkrunarfræðingum á LSH. Samkvæmt upplýsingum frá sjúkrahúsinu er verið að skoða ástæðu þessa. Einnig er stjórn sjúkrahússins að skoða hvort launapólitík stofnunarinnar sé ástæða þess hve illa gengur að halda í starfsfólk.

Þetta kemur fram í eftirfarandi erindi sem Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, flutti á fagráðstefnu EPN, Evrópusambands sjúkraliða, sem haldin var í Færeyjum 2. júní síðastliðinn. Viðfangsefni ráðstefnunnar var: Framtíð sjúkraliða í hjúkrun innan heilbrigðis- og félagsgreina.

Skortur á hjúkrunarplássum

Á undanförunum mánuðum hefur umræða um stöðuna í velferðarmálum á Íslandi orðið æ háværari. Meðal þeirra mála sem helst eru í brennidepli er sá mikli skortur sem er á hjúkrunarplássum fyrir aldraða.

Fram hefur komið að á höfuðborgarsvæðinu einu séu um 270 einstaklingar á biðlistar eftir hjúkrunarplássum, sem skilgreindir eru í mjög brýnni þörf. Þetta er svo þrátt fyrir samkomulag, sem Landssambandi eldri borgara tókst að knýja fram í nóvember árið 2002, um að á næstu þremur árum yrðu byggð hjúkrunarheimili með 150-200 vistunarrýmum. Þrátt fyrir nýtt hjúkrunarheimili, sem opna á 2007, er líklegt að biðlistinn verði álíka langur þá og hann er nú. Það er ekki einu sinni svo gott að ríkisstjórnin standi við gert samkomulag, hvað þá meir.

Starfsmannaveltan er gríðaleg og undirmönnun mikil. Þessu hefur verið mætt með innflutningi á starfsfólki frá Eystrasaltslöndunum og Asíu. Sem dæmi að nefna þá eru á einu hjúkrun-



Íslensku sjúkraliðarnir á leið á ráðstefnuna í Þórshöfn í Færeyjum. Frá vinstri: Guðlaug Sveinbjörnsdóttir, Vestfjörðum, Ingibjörg Hafsteinsdóttir, Reykjavík, Jóhanna Traustadóttir, Reykjavík, Birna Ólafsdóttir, Reykjavík, Kristín Ólafsdóttir, Reykjavík, Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir, Norðurlandi eystra, Margrét Auður Óskarsdóttir, Suðurlandi, Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður SLFÍ, Guri Liv Stefánsdóttir, Austurlandi, Margrét Þóra Óladóttir, Vestfjörðum, Torfhildur Þórarinsdóttir, Vestmannaeyjum, Heiðrún Arnþórsdóttir, Austurlandi.

arheimilinu töluð 14 tungumál, og margt af þessu fólki talar ekki stakt orð í íslensku.

Rúm standa auð og gamla fólkið bíður.

Fjölmiðlar hafa kappkostað að draga upp skýra mynd af því hvernig staðan er varðandi mannafla á heilbrigðisstofnunum og benda um leið á að þeir sem helst verða fyrir barðinu á manneklunni eru aldraðir sem ekki fá hjúkrunarpláss.

Ekki er hægt að ætlast til þess að hjúkrunarfræðingar með fjögurra ára háskólanám séu tilbúnir að vinna sömu störf og eru á verkswiði sjúkraliða í öðrum löndum.

Um hundrað eldri borgarar bíða á Landspítalanum eftir rými á hjúkrunardeild öldrunarstofnana. Þetta veldur því að innkallanir í aðgerðir á skurðeildum eru stöðvaðar þar sem öll rúm eru full og mikið meira en það. Legið er á göngum og baðherbergjum. Undirmönnun er mikil á þessum deildum, en á meðan eru auð rúm á öldrunardeildum vegna manneklun. Varað er við því að ástandið geti hæglega versnað enn frekar.

Á sama tíma hefur verið í gangi baráttu ófaglærðra fyrir hærri launum. Á öldrunarstofnunum hafa ófaglærðir farið í setuverkföll til að knýja á um hærri laun, og nú um þessar mundir eru ófaglærðir innan félagsþjónustunnar í sömu sporum.

Vantar 1000 sjúkraliða

Hvesu mikill er skorturinn á hjúkrunarfólki?

Talað hefur verið um að það vanti


um 100 hjúkrunarfræðinga á Landspítala. Ekki hefur komið fram að skortur sé á þeim á öðrum stofnunum. Þegar litið er til þess að í dag starfa á Landspítala 1.184 hjúkrunarfræðingar, kemur í ljós að það eru 9% sem vantar þar.

Ljóst er að það vantar að lágmarki 1000 sjúkraliða á vinnumarkaðinn nú þegar. Í dag starfa 1.500 sjúkraliðar í landinu öllu. Það segir okkur að fjölga þarf sjúkraliðum um 65%.


Viðtöl og greinar hafa birst um þetta í hverjum fjölmiðlinum á fætur öðrum. Sjúkraliðafélag Íslands hefur farið yfir það í blaðaviðtölum, að strax árið 1999 kom fram í könnun sem Landlæknisembættið gekkst fyrir, að þá þegar vantaði um 850 sjúkraliða á markaðinn og að það þyrftu að útskrifast um 300 til viðbótar á ári næstu fimm árin svo að jafnvægi kæmist á.

Aðgerðarleysi gagnrýnt

Félagið hefur gagnrýnt að engar ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að leysa úr þeim vanda sem þá blasti við. Það er ekki fyrr en nú að skortur er einnig orðinn á ófaglærðum starfsmönnum sem yfirmenn heilbrigðismála súpa hveljur og tala um að nú verði eitthvað að gera í málinu. Fleiri og fleiri erlendir starfsmenn, sem ekki skilja íslensku, eru ráðnir til starfa og er það að sumra mati ástæðan fyrir því að aukning hefur orðið á brotum og öðrum slysum inni á hjúkrunarstofnunum sem aftur gerir það að verkum að aldraðir eru lagðir inn á sjúkrahús sem eiga síðan erfitt með að senda þá til baka á hjúkrunarstofnanir vegna skorts á fagfólki þar.



Hér má sjá yfirlit yfir fjölda útgefna leyfisbréfa sjúkraliða frá 2001. Nýliðun í stéttinni minnkadi í fyrra.



Aldursdreifing sjúkraliða. Meðalaldurinn er 46.72 ár og sjúkraliðar hverfa gjarnan af vinnumarkaði um sextugt.

Félagið hefur einnig lagt sig fram um að benda á að lífaldur sjúkraliða sé orðinn mjög hár vegna þess að lítið hefur verið um nýliðun í stéttina. Í stað þess að nýliðun væri 300 á ári, eins og þörf var á, hefur meðalfjöldi nýútskrifðra verið um 60-80 árlega.

Félagið hefur unnið úr félagsskrá upplýsingar um meðalaldur sjúkraliða. Þar kemur í ljós að hann er 46,72 ár og að strax upp úr 60 ára aldrinum hverfa sjúkraliðar hratt út af vinnumarkaði, oftast en ekki orðnir öryrkjar.

LSH helst illa á fólki

Í skýrslu Landspítala-háskólasjúkrahúss fyrir árið 2005 kemur í ljós að fjöldi starfandi sjúkraliða er 521. Fjöldi hjúkrunarfræðinga er 1184 einstaklingar, eða meira en tvöfalt fleiri en sjúkra-

liðar. Starfsmannavelta hjúkrunarfræðinga á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 2005 var 9,65% en sjúkraliða á sama tíma 15,08%. Það var því hátt í 50% meiri starfsmannavelta á sjúkraliðum en á hjúkrunarfræðingum. Samkvæmt upplýsingum frá sjúkrahúsinu er verið að skoða ástæðu þessa. Einnig er stjórn sjúkrahússins að skoða hvort launapólitík stofnunarinnar sé ástæða þess hve illa gengur að halda í starfsfólki.

Sjúkraliðafélagið hefur bent á að það sé fleira en launin sem geri það að verkum að fagfólk endist ekki í starfi. Það hefur verið að koma betur og betur í ljós að vaktavinna er mjög krefjandi og erfitt starf. Ungt fólk í dag gerir mun meiri kröfur en áður til þess að verja tíma sínum með fjölskyldunni utan hefðbundins vinnu- og skólatíma. Einnig passar vaktavinna ekki við hefðbundinn opnunartíma leikskóla.

Uppstokkun nauðsynleg

Einnig bendir félagið á að það sé ekki hægt að ætlast til þess að hjúkrunarfræðingar með fjögurra ára háskólanám séu tilbúnir að vinna sömu störf og eru á verksviði sjúkraliða í öðrum löndum. Félagið telur að það sé algjör nauðsyn að farið verði í uppstokkun á verksviði þessara stétta, þannig að hjúkrunarfræðingar starfi einungis sem sérfræðingar í hjúkrun og sjúkraliðar hafi í sínum verkahring að starfa sjálfstætt við að framfylgja þeirri hjúkrunaráætlun sem hjúkrunarfræðingar setja.

Mikilvægt hlutverk trúnaðarmannsins

Erfitt en skemmtilegt

Ég útskrifaðist úr Sjúkraliðaskóla Íslands árið 1981 og var það mikill hamingjudagur í lífi mínu. Ég hafði þurft að hafa heilmikið fyrir því að setjast á skólabekk eftir mörg ár, en þau próf sem ég hafði voru það gömul að þau giltu ekki lengur. Allt námsefni var á dönsku og því meira mál að læra, en reynsla mín af dönsku blöðunum, eins og Alt for damene og Bo bedre, kom að góðum notum.

Strax eftir nám hóf ég störf á Landspítalanum á lungnadeild 11G. Mér líkaði mjög vel við þetta starf. Þegar ég var búin að vinna á deildinni í rúmlega ár hætti trúnaðarmaður sjúkraliða á deildinni. Hafist var handa við að leita af nýjum trúnaðarmanni, en engin vildi taka það að sér. Eins og allir vita er skylda að hafa einn trúnaðarmann á hverri deild og féllst ég loks á að taka það að mér til reynslu.

Á fyrsta fundinum mínum var mér sagt að þetta væri ekki mikið mál, fundir væru ekki það oft, en það átti nú eftir að breytast.

Tengiliður

Fljótlega fór ég á mitt fyrsta trúnaðarmannanámskeið. Þau eru haldin fyrir nýja trúnaðarmenn og þar er þeim kynnt starfið sem getur verið mjög margbreytilegt. Hlutverk trúnaðarmannsins er fyrst og fremst að vera tengiliður milli sjúkraliða á viðkomandi deild og stéttafélagsins og aðstoða hann við að leysa þau vanda-mál sem koma upp í starfi hans.

Trúnaðarmannsstarfið átti eftir að mótast mikið á næstu árum. Við héldum fundi einu sinni í mánuði og tókum þá fyrir mál sem upp komu. Fundirnir voru auglýstir á öllum deildum spítalans.

Þegar við vorum í kjarabaráttu varð stundum að kalla saman aukafundi og var þá hringt í alla trúnaðarmenn á deildum og gat það verið tímafrekt, en alltaf tókst það og voru allir mjög jákvæðir og samheldnir í því starfi. Á þeim tíma voru engir gsm-símar og oft erfitt að ná í fólk.

Verkfallið 1994

Ég minnst sérstaklega kjarabaráttu árið 1994 sem var mjög erfið, bæði löng og ströng, og endaði eftirminnilega með löngu verkfalli. Þetta var í nóvembermánuði og erfiður tími framundan. Það kom í okkar hlut að skipuleggja allar verk-



Á Fulltrúafingi Sjúkraliðafélags Íslands vorið 2004 voru Þorbjörgu Einarsdóttur þökkuð góð störf í þágu stéttarinnar um langt árabíll.

fallsvaktir á deildum bæði dag og nótt, og virkja alla sjúkraliða til starfa í verkfallsvörslu. Það var ánægjulegt hvað við stóðum allar saman og sjúkraliðar voru samstiga í að snúa bókum saman á erfiðum tímum. Við hittumst jafnt og þétt í höfuðstöðvum Sjúkraliðafélagsins sem þá voru að Grettisgötu 89. Þar voru málin rædd aftur og aftur og næstu aðgerðir ákveðnar. Formaðurinn okkar,



Þorbjörg Einarsdóttir, höfundur þessarar greinar. Hún var trúnaðarmaður sjúkraliða um áratuga skeið, þar af í átta ár aðaltrúnaðarmaður á Landspítalanum.

Kristín Á. Guðmundsdóttir, stappaði í okkur kjarkinn.

Samið var loks daginn fyrir Þorláksmessu og hafði verkfallið þá staðið í 6 vikur. Mikil gleði ríkti á þessum fundi þar sem við náðum fram megninu af okkar kröfum. Það voru því þreyttir sjúkraliðar sem gengu af fundi til vinnu, loksins. Á þessum tíma sást hvað nauðsynlegt það er að hafa góða trúnaðarmenn sem eru tilbúnir til að leggja á sig ómælda vinnu með hag sjúkraliða fyrir brjósti.

Erfitt en nauðsynlegt

Eftir 20 ára starf sem trúnaðarmaður deildar og 8 ára starf sem aðaltrúnaðarmaður Landspítalans, tel ég mig hafa nokkuð sterka mynd af þessu starfi. Þótt það geti oft verið erfitt á samningstímum hefur það sýnt sig að þetta starf er mjög nauðsynlegt, lærdómsríkt og síðast en ekki síst skemmtilegt.

Ég vil hvetja sem flesta sjúkraliða til að kynnst því starfi og vera óhræddir að taka það að sér. Skrifstofa sjúkraliða aðstoðar trúnaðarmenn í þessu starfi og er gott að leita til þeirra.

Að lokum vil ég þakka Kristínu, Birnu og Gunnari fyrir alla hjálpinu og samstarfið á liðnum árum.

Þorbjörg Einarsdóttir, sjúkraliði.

Þarf stöðuga og endalausna baráttu

Félagið þarf að vera í stöðugri og endalausri baráttu fyrir skoðunum sínum og kröfum. Það er ekki eins og að fara út í verslun og tína í körfuna það sem við viljum og ætlum að fá, heldur þarf endalausna og þrotlausna baráttu fyrir hverju einasta atriði sem við teljum að sé stéttinni til framfara. Þetta er nauðsynlegt að hafa í huga til þess að koma í veg fyrir að stéttin gefist upp á að ná fram kröfum sínum hverjar svo sem þær eru, sagði Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, er hún flutti skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2005-2006 á 15. Fulltrúaþingi félagsins.

Þingið var haldið í húsaáskynnum BSRB í Reykjavík dagana 18. og 19. maí síðastliðinn. Hér á eftir verður getið helstu atriða úr skýrslu stjórnarinnar, en Sjúkraliðinn birtir einnig samþykktir þingsins og gerir grein fyrir kosningum í stjórn félagsins.

Heiðursfélagi látinn

Heiðursfélagi Sjúkraliðafélags Íslands og fyrrum formaður, Ingibjörg Agnars, lést á árinu. Hennar var minnst í félagsblaðinu Sjúkraliðanum. Ingibjörg var formaður félagsins á árunum 1975-1979. Hún var einn af hvatamönnum að stofnun Evrópusambands sjúkraliða, en Ísland var meðal stofnenda samtakanna. Ingibjörg var einnig í undirbúningsnefnd að stofnun Sjúkraliðaskóla Íslands og kom á endurmenntun við skólann.

Ingibjörg var útnefndur heiðursfélagi Sjúkraliðafélags Íslands á afmælishátíð félagsins árið 1996. Hún andaðist 19. nóvember síðastliðinn.

Stjórn og starfsnefndir

Haldnir voru átta fundir í framkvæmdastjórn og þrjár fundir í félagsstjórn. Vegna mikilla anna við gerð kjarasamninga voru heldur færri framkvæmdastjórnarfundir á árinu en vant er.



Frá 15. Fulltrúaþingi Sjúkraliðafélags Íslands. Anna Lilja Björnsdóttir í ræðustól, en við hlið hennar fundarstjórnarnir Ólafía Ingvarsdóttir og Sif Eiðsdóttir.

Nokkur breyting hefur átt sér stað í stjórn félagsins þar sem töluverð útskipting hefur átt sér stað í félagsdeildunum.

Undirritun kjarasamninga

Eitt af stærstu verkefnum félagsins á síðasta starfsári var vinnan við gerð kjarasamninga. Kjaramálanefnd félagsins

hélta fjölda funda, bæði innbyrðis og eins með atvinnurekendum. Á heimasíðu félagsins var haldið úti upplýsingum til félagsmanna undir yfirskriftinni: Kjararéttir. Þar höfðu félagsmenn tækifæri til að kynna sér hvernig viðræður gengu og í sumum tilfellum gátu þeir látið í ljós skoðun sína. Skrifað var undir kjarasamninga við hina ýmsu vinnuveitendur frá því í lok júní þar til í byrjun nóvember 2005. Kjarasamningar sem undirritaðir voru við atvinnurekendum gilda til ársins 2008.

Kjaramálanefndin stóð fyrir kynningu á kjarasamningunum meðal félagsmanna um allt land. Var það ýmist gert með því að fara á vinnustaðinn eða halda kynningu í gegnum fjarfundabúnað. Kjörnefnd félagsins stóð síðan fyrir atkvæðagreiðslum um kjarasamningana.

Helstu breytingarnar

Helstu breytingarnar í kjarasamningunum voru þær að samið var um

Framkvæmdastjórn 2005-2006

Á starfsárinu 2005-2006 var framkvæmdastjórn Sjúkraliðafélags Íslands þannig skipuð:

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður. Kristín Ólafsdóttir, varaformaður. Kristjana Guðjónsdóttir, ritari. Margrét Þóra Óladóttir, gjaldkeri. Varamenn: Ingibjörg Hafsteinsdóttir og Guri Liv Stefánsdóttir.

nýjar launatöflur sem taka gildi á samningstímabilinu. Hjá ríki og sjálfseignastofnunum breyttist launataflan á þann veg að öll lífaldursþrep féllu út en í staðinn kom átta þrepa tafla með 20% spönn sem á að nýttast í persónulegan framgang. Hjá sveitarfélögum breyttist launataflan á þann hátt að lífaldursþrepum fækkar. Gengið er út frá því að við þessar breytingar muni þeir yngstu í starfsaldri og lífaldri fá mestar launahækkanirnar.

Stofnanasamningar

Ákveðið var að endurskoða stofnanasamninga við sjálfseignastofnanir, sem sömdu á sömu forsendum og ríkið, um leið og samið var. Því er niðurstaða komin um vörpun yfir í nýja launatöflu hjá þessum stofnunum. Þeir samningar taka gildi 1. október næstkomandi. Búið er að ná samningum við nokkrar ríkisstofnanir um að fara sömu leið og farin var hjá sjálfseignastofnunum, það er að leggja saman vörpunarprósentu 3,4% sem nota átti nú í maí og þau 2,8% prósent sem samið var um að kæmi í maí 2007. Samanlagt gerir þetta 6,3% sem notuð verða við að varpa í nýja launatöflu í október næstkomandi. Kjarasamningar sveitarfélaganna eru ólíkir að þessu leyti. Þar var samið um miðlæga kjarasamninga líkt og áður var bæði hjá ríki og sveitarfélögum.

Gerð kjarasamninga er alltaf að verða flóknara og flóknara ferli. Greinagóðar upplýsingar þarf að leggja fram í þeirri vinnu. Félagið verður líka að vera í stakk búið að vega og meta margvíslega útreikninga. Það var því ánægjulegt þegar félagið fékk til liðs við sig Gunnar Gunnarsson, hagfræðing, sem var í afmörkuðu starfi hjá okkur tímabundið við gerð kjarasam-



Þingfulltrúar fylgjast með umræðum á Fulltrúaþinginu.

inganna. Hann hefur verið í framhaldsnámi í Háskóla Íslands í vetur og hefur nú ráðið sig til Fjármálaráðuneytisins.

Nefnd um framtíðarstöðu stéttarinnar

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra stóð að lokum við það að skipa nefnd sem hefði það verkefni að fara yfir stöðu sjúkraliðastéttarinnar og framtíðarnýtingu hennar. Í þeirri vinnu sem fram hefur farið hefur formaður félagsins, sem á sæti í nefndinni, lagt fram ítarlegt yfirlit yfir þann mismun sem er á störfum og starfssviði sjúkraliða á Íslandi og í öðrum löndum. Sérstaklega tekið fyrir Norðurlöndin, þó ítarlegast Danmörku, ásamt skýrslu um störf og starfssvið sjúkraliða í Bandaríkjunum. Jafnframt hefur fulltrúi félagsins lagt fram upplýsingar um fjölda og aldursdreifingu sjúkraliða á Íslandi. Í þessum gögnum

kemur fram að mikill munur er á störfum og starfssviði sjúkraliða hér og annarsstaðar. Jafnframt að meðalaldur sjúkraliða á Íslandi er hátt í 50 ár og að sjúkraliðar fara margir út af vinnumarkaðnum þegar þeir eru orðnir 60 ára.

Nefndin lítur svo á að gera þurfi gríðarlegt átak í því að fjölga sjúkraliðum. Nefndin leggur einnig mikla áherslu á að komið verði á fót sérnámi sjúkraliða í geðhjúkrun og bendir á að sérnámið í hjúkrun aldgraða hafi komið mjög vel út og sé að ná betri og betri viðurkenningu meðal þeirra sem starfa við hlið þeirra sem lokið hafa sérnáminu.

Það er gleðilegt til þess að vita að eitthvað sé farið að rofa til eftir yfir tuttugu ára baráttu. Árið 1982 kom inn í kjarasamninga bókun um að Sjúkraliðaskólanum skyldi gert kleift að koma á fót tveggja til þriggja mánaða námskeiði fyrir sjúkraliða sem sér-

Stjórnin síðasta starfsár

Aðalstjórn Sjúkraliðafélags Íslands skipa samkvæmt lögum félagsins formenn allra landshlutadeilda ásamt framkvæmdastjórn. Á starfsárinu 2005-2006 urðu nokkrar breytingar á formennsku í deildum.

Formenn deildanna eru:

Jóhanna Traustadóttir, Reykjavíkureild. Hún tók við af Kristínu Ólafsdóttur á starfsárinu.

Svanhildur Jónsdóttir, Vesturlandsdeild.

Guðlaug Sveinbjörnsdóttir, Vestfjarðadeild. Hún tók við

af Önnu Björgmundsdóttur á starfsárinu.

Jóhanna Þorleifsdóttir, Norðurlandsdeild vestri. Hún tók við af Önnu Dóru Garðarsdóttur á starfsárinu.

Helga Dögg Sverrisdóttir, Norðurlandsdeild eystri.

Gunnhildur Ósk Sæbjörnsdóttir, Austurlandsdeild. Hún tók við af Heiðbrá Guðmundsdóttur á starfsárinu.

Margrét Auður Óskarsdóttir, Suðurlandsdeild.

Hafdís Sigurðardóttir, Vestmannaeyjadeild.

Inga Lóa Guðmundsdóttir, Suðurnesjadeild.

menntaði þá til starfa á sjúkrastofnunum. Þetta komst ekki í framkvæmd fyrr en 1984. Í sömu bókun kemur einnig fram að við skólann verði komið á fót framhaldsdeild sem gefi sjúkraliðum með að minnsta kosti þriggja ára starfsreynslu kost á eins árs námi. Námið endi með prófi og þeir sem það standist fái starfsheitið aðstoðarhjúkrunarfræðingur. Stefna átti að því að aðstoðarhjúkrunarfræðingur fengi sjálfstæðan rétt til hjúkrunarstarfa eftir reglum sem síðar átti að setja. Þrátt fyrir samninginn 1982 komst þetta ekki til framkvæmda fyrr en 22 árum síðar, eða árið 2002, með stöðugri baráttu félagsins. Enn vantar þó á að búið sé að fullnægja þessu samkomulagi þar sem ekki er kominn réttur fyrir sjúkraliða með framhaldsmenntun til þess að starfa sjálfstætt eins og segir í bókuninni.

Þetta sýnir okkur í hnotskurn að góðir hlutir gerast hægt. Félagið þarf að vera í stöðugri og endalausri baráttu fyrir skoðunum sínum og kröfum. Af þessu má öllum vera ljóst að það er ekki eins og að fara út í verslun og tína í körfuna það sem við viljum og ætlum að fá, heldur þarf endalaus og þrotlaus baráttu fyrir hverju einasta atriði sem við teljum að sé stéttinni til framfara. Því er nauðsynlegt að þetta sé haft í huga til þess að koma í veg fyrir að stéttin gefist upp á að ná fram kröfum sínum hverjar sem þær eru.

Símenntunarmiðstöðin Framvegis

Ármúlaskóli, sem var einn af stofnum símenntunarmiðstöðvarinnar ásamt Sjúkraliðafélagi Íslands, dró sig út úr rekstrinum á þeim tíma sem skólameistaraskipti urðu í skólanum, fyrripart árs 2005. Aðalástæða þess var að menntamálaráðuneytið taldi skólanum óheimilt að standa í slíkum rekstri. Þar með var Sjúkraliðafélagið orðið eitt um reksturinn.

Í október síðastliðnum kom í ljós að afkoma símenntunarmiðstöðvarinnar var ekki eins góð og þáverandi framkvæmdastjóri taldi. Strax og þær upplýsingar lágu fyrir ákváðu báðir starfsmenn fyrirtækisins að segja upp störfum. Núverandi framkvæmdastjóri, Jóhanna Arnórsdóttir, var ráðinn strax um áramót ásamt Rúnu Garðarsdóttur, skrifstofumanni.

Það var um mitt árið 2005 sem Sjúkraliðafélag Íslands kom að máli við BSRB með þá hugmynd að bandalagið yrði með í að reka Framvegis. Verslunarskóli Íslands hafði þá einnig lýst áhuga á því sama. Hugmyndin var að leggja niður sjálfseignastofnunina

yfirlit yfir störf hennar á sviði símenntunar, framhaldsnáms stéttarinnar, störf formanns nefndarinnar í starfsgreinarráði og í fræðslusetrinu Framvegis. Mikil vinna er lögð í að fá fram tillögur atvinnurekanda og sjúkraliða sjálfra hvaða námskeið það eru sem



Í starfi orlofsnefndar bar hæst á árinu að tekinn var í notkun nýr og glæsilegur bústaður í Kiðjabergi og á félagið nú tvo bústaði á því svæði.

Framvegis og stofna hlutafélagið Framvegis. Ákveðið var á stjórnarfundum BSRB í mars síðastliðnum að bandalagið yrði með og hefur það þegar lagt fram þrjár milljónir króna sem stofnframlag í hlutafélagið. SFR ákvað einnig að vera með og hefur lagt fram eina milljón króna. Sjúkraliðafélagið lagði einnig fram eina milljón króna í stofnframlag. Ekki er komin niðurstaða með Verslunarskólann sem hefur lagt höfuðáherslu á að vera með meirihluta í stjórn. Það er ekki í samræmi við það sem BSRB og félögin lögðu upp með. Því er enn verið að skoða hvað verður. Ekki er enn búið að leggja niður gamla Framvegis þar sem viðbótarframlag Verslunarskólans hefur ekki verið lagt fram.

Störf fræðslunefndar

Með skýrslu fræðslunefndarinnar er vísað til þeirra verkefna sem nefndin hefur unnið að á síðasta ári. Þar er

Nefndin lítur svo á að gera þurfi gríðarlegt átak til að fjölga sjúkraliðum.

þarf að setja upp og hvaða námskeið þurfi að endurbæta með tilliti til þeirra breytinga sem eiga sér stað í heilbrigðisræðingunni.

Menntamálaráðuneytið hefur ákveðið að bjóða upp á nýja leið til sjúkraliðamenntunar með svokallaðri brú. Boðið verður upp á 60 eininga nám með vinnu fyrir ófaglærða starfsmenn á heilbrigðisstofnunum. Slík námstilhögun hefst í haust og er þegar byrjað að innrita nemendur í námið. Þetta er enn einn áfanginn í baráttu félagsins. Félagið hefur barist til margra ára fyrir því að fækka ófaglærðu starfsfólki í störfum sjúkraliða og er þetta einn liður í þeirri baráttu. Auk þess sem það á eftir að auðvelda þeim sjúkraliðum, sem nú eru við þessi störf, verkin að fá inn fagmenntað starfsfólk.

Nýr bústaður

Í skýrslu orlofsnefndar er farið yfir þau mál sem nefndin hefur unnið að á síðasta starfsári, ásamt mjög góðri greinargerð um þau störf sem fyrir nefndinni liggja á þessu starfsári. Ber þar hæst að á árinu hefur orlofsnefnd tekið í notkun nýjan og glæsilegan bústað í Kiðjabergi og á þá félagið orðið tvo bústaði á því svæði.

Heimasíðan slfi.is

Sú nýjung varð á starfsárinu að Sjúkraliðinn, félagstíðindi stéttarinnar, eru sett inn á heimasíðuna. Að öðru leiti er heimasíðan með líku sniði og verið hefur.

Nokkrar félagsdeildir eru mjög duglegar að koma á framfæri því helsta sem verið er að gera í deildunum og er mjög fróðlegt að sjá hvað sumar félagsdeildirnar eru virkar í innra starfi.

Þó eru enn alltof margar félagsdeildir sem senda ekki einu sinni fundarboðin fyrir aðalfundi sína inn á heimasíðuna. Hvað þá að annað sér uppfært, svo sem stjórnir og annað sem þar á að vera inni. Það þarf einnig að koma á framfæri til skrifstofu þegar uppfæra þarf símanúmer, netföng og annað sem þar á að koma fram.

Starfsmenntasjóður BSRB

Á síðasta starfsári hefur verið mikil gróska í símenntun stéttarinnar. Árið 2005 voru 493 einstaklingar sem fengu styrk úr sjóðnum.

Afgreiddar voru 693 umsóknir. Námskeið að upphæð 11.285.897 krónur og ferðastyrkir að upphæð 2.624.285 krónur. Um er að ræða 6,25% aukningu á fjölda umsókna frá árinu áður og 9,44% aukningu á fjármagni sem fer til námskeiða.

Þróunarsjóður

Eins og fram kemur í skýrslu um menntamál kom félagið verulega að rekstri símenntunarmiðstöðvarinnar Framvegis. Hallarekstur fyrirtækisins var réttur af með framlagi úr Fræðsluseturssjóði félagsins, sem er hluti af Þróunarsjóði. Jafnframt lagði Fræðsluseturssjóður til framlag til hlutfélagsbreytinganna.

Styrktarsjóður BSRB

Þann 1. janúar síðastliðinn komu til framkvæmda nokkrar breytingar á úthlutunarreglum styrktarsjóðs. Þeim breytingum eru gerð góð skil í félagsstíðindunum og eru félagsmenn hvattir til þess að kynna úthlutunarreglurnar.

Um síðustu áramót var sjóðnum gert að taka staðgreiðsluskatt af öllum styrkjum sem sjóðurinn úthlutar. Sjóðurinn hefur orðið við þessu en hefur jafnframt mótmælt fyrir hönd félaga sinna við ríkisskattstjóra og fjármálaráðuneytið.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja

Sjúkraliðafélagið er aðili að Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja (BSRB). Töluverð breyting hefur verið gerð á húsakynnum bandalagsins, eins og sést á því að nú erum við með þingið í



Sjúkraliðar hjá sáttasemjara ríkisins, frá vinstri: Inga Lóa Guðmundsdóttir, Kristín Á. Guðmundsdóttir, Kristín Ólafsdóttir og Ásmundur Stefánsson.

þessum glæsilega sal á neðstu hæð hússins. Búið er að endurbyggja neðstu hæðina þar sem fundaraðstaða og matsalur er. Fjórða hæðin verður rifin og byggð upp að nýju. Gert er ráð fyrir að þar verði skrifstofuhúsnæði.

Ákveðið er að aðalþing bandalagsins verði haldið dagana 25.-27. október næstkomandi.

Fagblaðið Sjúkraliðinn

Í skýrslu ritnefndar er gerð grein fyrir þeirri vinnu sem nefndin hefur unnið á árinu. Fjögur tölublöð voru gefin út. Í blöðunum er að líta allt það helsta sem verið hefur á döfinni á árinu, ásamt yfirliti yfir þá málaflokka sem verið er að vinna að. Sú nýjung varð að eitt af blöðunum var algjörlega lagt undir orlofsmál. Þar er að líta all gott yfirlit yfir þá valkosti sem félagsmönnum býðst í sumar. Ég vil ítreka það sem ég hef áður sagt, við megum vera

Félagið þarf að vera í stöðugri og endalausri baráttu fyrir skoðunum sínum og kröfum.

mjög stolt af blaðinu. Blaðið er allt hið glæsilegasta og okkur til mikils sóma hvað útlit og efni varðar.

Útgáfa kynningarbæklings

Félagið hefur nú sent út annað árið í röð kynningarbækling sem dreift

hefur verið meðal nemenda í lok grunnskólans og til námsráðgjafa. Með bæklingnum er verið að leggja áherslu á að kynna nám og störf sjúkraliða fyrir tíundu bæklingum í grunnskólunum. Bæklingurinn er hannaður af Guðjóni Davíð Jónssyni hönnuði.

Erlent samstarf

Starfsemi The European Council of Practical Nurses (EPN) hefur verið með hefðbundnum hætti á síðasta ári, að því undanskyldu að Danmörk hefur ákveðið að vera ekki með að svo stöddu. Ástæðan er sú að í Danmörku hafa orðið breytingar á félagsuppbyggingu sjúkraliða með aðkomu fleiri stétta. Skoðað verður hvaða áhrif það hefur áður en þeir ákveða hvað þeir munu gera.

Samtökin EPN munu halda aðalfund sinn í Færeyjum í byrjun júní. Í tengslum við hann halda samtökin ráðstefnu sem mun fjalla um mönnunarvanda á heilbrigðisstofnunum. Stjórn félagsins mun fara á ráðstefnuna.

Að lokum vil ég þakka öllum þeim sem unnið hafa félaginu heilla á síðasta starfsári, starfsmönnum, stjórn, samninganefnd og síðast en ekki síst trúnaðarmönnum félagsins.

Starfssvið sjúkraliða verði endurskoðað

15. Fulltrúaðing Sjúkraliðafélags Íslands gerir kröfu til þess að starfssvið sjúkraliða verði endurskoðað með það í huga að menntun þeirra verði betur nýtt, segir í ályktun þingsins.

Í samþykkt þingsins er athygli stjórnvalda vakin á miklum og viðvarandi skorti á sjúkraliðum í mörg ár. Meðalaldur stéttarinnar hefur sífellt verið að hækka og er nú 46,72 ár. Þingið telur að ástæða fyrir háum meðalaldris stéttarinnar sé af mörgum toga. Eina megin ástæðuna telur þingið þó vera að sjúkraliðar hafi ekki fengið að þroskast og eflast í starfi jafnt og aðrar fagstéttir meðal annars vegna vanmats heilbrigðisyfirvalda á námi stéttarinnar.

Væntingar

Sjúkraliðar hafa haft miklar væntingar um að nefnd á vegum heilbrigðisráðuneytisins, sem fjallar um framtíðarstöðu sjúkraliðastarfsins, leggi fram rótækar tillögur um úrbætur varðandi störf og starfssvið sjúkraliða, segir í ályktun þingsins.

Einnig eru væntingar um að nefndin bendi á leiðir til þess að fá ungt fólk til þess að fara í sjúkraliðanám. Kynnt verði



Fylgst með á 14. þingi SLFÍ.

að störf sjúkraliða eru fjölpætt, skemmtileg og gefandi, á öllum sviðum heilbrigðisþjónustunnar. Á lyf- og handlæknissviði, við barnahjúkrun, enduhæfingu og á fleiri ólíkum stöðum innan heilbrigðiskerfisins. Sjúkraliðastarfið er jöfnum höndum þjónusta við unga sem aldna.

Þingið hvarmar sérstaklega niðurstöðu Landlækniseimbættisins að rýra gildi sérnáms sjúkraliða í hjúkrun aldraðra með

því að heimila ekki sjúkraliðum að vinna þau verk sem þeir hafa menntun til samkvæmt námskrá menntamálaráðuneytisins. Fulltrúaðingið beinir þeirri kröfu til heilbrigðisráðherra að hann taki þá pólitísku ábyrgð sem honum ber í málinu og krefji Landlækniseimbættið um endurskoðun á afstöðu sinni sem kemur í veg fyrir að sérmenntaðir sjúkraliðar fái notið menntunar sinnar í starfi.

Þörf viðhorfsbreytingar

15. Fulltrúaðing Sjúkraliðafélags Íslands skorar á heilbrigðisyfirvöld að stuðla að viðhorfsbreytingu almennings til starfa heilbrigðisstétta í öldrunarþjónustunni og auka þannig áhuga yngra fólks á störfum í þágu aldraðra.

Þingið skorar á stjórnvöld að auka viðvalkosti aldraðra, geðflatlaðra og öryrkja til búsetu í samræmi við þarfir þeirra og óskir. Einnig skorar þingið á stjórnvöld að tryggja örugga ferðþjónustu fyrir þessa aðila. Þingið gerir þá kröfu til stjórnvalda að þau beiti sér fyrir breytingum til framtíðar á skilvirkara samstarfi þeirra hópa sem mynda stuðningsnet þessara einstaklinga, segir í samþykkt þingsins.

Staðið verði við gefin fyrirheit

Fulltrúaðing Sjúkraliðafélags Íslands krefst þess að staðið verði við fyrirheit þverfaglegar nefndar á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, að sjúkraliðar sem lokið hafa eins árs sérnámi í hjúkrun aldraðra fái störf sem hæfa menntun þeirra og færni, segir í samþykkt 15. Fulltrúaðings Sjúkraliðafélagsins.

Þingið hvatti til þess að sérnám sjúkraliða verði kynnt fyrir forráðamönnum heilbrigðisstofnana, í hverju það sé fólgið og hvað þeim sem því hafa lokið er heimilt að framkvæma samkvæmt námsvísi.

Í ályktun þingsins um menntamál er lýst ánægju Sjúkraliðafélags Íslands með þá ákvörðun menntamálaráðuneytisins að þeim sem starfað hafa lengi við umönnun sjúkra og aldraðra gefist tækifæri til þess að afla sér sjúkraliðamenntunnar. Félagið hvetur yfirmenn heilbrigðisstofnana til þess að gera þeim sem hafa áhuga á slíku námi það mögulegt án launaskerðingar.

Fulltrúaðingið skoraði einnig á heilbrigðis- og menntamálaráðherra að vinna að róttækum og áhugaverðum aðgerðum, í

samstarfi við félagið, til þess að fá ungt fólk til að mennta sig til sjúkraliðastarfa.

Fulltrúaðing Sjúkraliðafélags Íslands leggur til:

- * að forusta Sjúkraliðafélags Íslands fari í skóla um allt land og kynni fyrir sjúkraliðanemum starfsemi félagsins, kjör sjúkraliða og réttindi.
- * að félagið kosti námskeið fyrir sjúkraliða í starfsmanna- og launaviðtölum.
- * að haldið verði áfram að mennta og fræða trúnaðarmenn sjúkraliða til að takast á við sífellt aukin og flóknari verkefni inni á vinnustöðunum.
- * að lögð verði enn frekari áhersla á að kynna/túlka fyrir trúnaðarmönnum kjarasamninga félagsins og lög um réttindi og skyldur sjúkraliða.
- * áframhaldandi stuðning við sí- og endurmenntunarmiðstöðina Framvegis svo hún megi sem best eflast og dafna sjúkraliðum til hagsbóta.

Mótmæla óþolandi vinnuálagi á LSH

Trúnaðarmenn á Landspítala-háskólasjúkrahúsi fjölmenntu á fund mánudaginn 8. maí síðastliðinn og samþykktu samhljóða ályktun þar sem komið var á framfæri við heilbrigðisyrfvöld og stjórnendur sjúkrahússins hörðum mótmælum við óþolandi vinnuálagi og undirmönnun á öllum deildum sjúkrahússins.

Í samþykkt fundarins segir að álagið valdi starfsmönnum óbætanlegu heilsuleysi, kvíða og vaxandi óöryggi, sem orðið hafi til þess að fjöldi hæfra starfsmanna hafa hætt eða íhugi að hætta störfum á sjúkrahúsinu og leita annað.

Jafnframt benti fundur trúnaðarmanna LSH á þá þversögn að á sama tíma og ekki er hægt að manna sjúkrahúsið og/eða einstakar deildir þess vegna skorts á hjúkrunarfólki og rekstrarfé, er hundruðum milljóna ráðstafað til undirbúnings byggingu nýrrar sjúkrahússbyggingar. Byggingar sem aldrei verður sjúkrahús í merkingu þess orðs án velmenntaðs og hæfs starfsfólks.

Fundurinn lítur svo á að bygging nýs sjúkrahúss megi að flestra mati bíða eða setja aftar í áhersluröðina. Trúnaðarmenn sjúkraliða skora á stjórnendur sjúkrahússins að finna leiðir til að efla og bæta innra starf gamla LSH til að leysa úr bráðaskorti á menntuðum sjúkraliðum og öðru sérmenntuðu starfsfólki.

Fundur trúnaðarmanna sjúkraliða á LSH skorar á heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að hann beiti sér fyrir raunhæfum aðgerðum til lausnar á bráðavanda Landspítala-háskólasjúkrahúss. Vanda sem enga bið þolir, segir í ályktun trúnaðarmannanna.



Fjármunum sem ætlað er til byggingar nýs sjúkrahúss væri betur varið til að bæta það sem fyrir er, segir í ályktun Fulltrúaþings SLFÍ. Mynd: EJ

Skert þjónusta og aukið álag

Sjúkraliðafélags Íslands lýsir yfir miklum áhyggjum af og eindreginni andstöðu við síendurteknar ákvarðanir stjórnvalda um niðurskurð á fjárveitingum til heilbrigðisþjónustu landsmanna. Afleiðing niðurskurðarinnar er farin að koma fram í skertri þjónustu við sjúklinga og auknu álagi á heimilin. Síðast en ekki síst hefur stöðug neikvæð umræða um heilbrigðisþjónustu landsmanna dregið úr áhuga yngri kynslóðarinnar til náms í heilbrigðisgreinum, segir í ályktun fimm-tánda Fulltrúaþings félagsins um heilbrigðismál.

Þar segir enn fremur að árangri af markvissri uppbyggingu Landspítala-háskólasjúkrahúss sé stefnt í hættu þar sem uppbyggingu öflugrar sérfræðiþjónustu, sem sé meginforsenda fyrir starfsemi öflugs háskólasjúkrahúss, sé fórnað.

Félagið hvetur stjórnvöld eindregið til að taka upp samstarf og samráð við starfsfólk heilbrigðisþjónustunnar, launþegahreyfinguna, fjöldahreyfingu öryrkja, eldri borgara og annarra aðila sem hagsmuna hafa að gæta varðandi gæði og skilvirkni heilbrigðiskerfisins, segir í samþykkt þingsins.

Óþolandi vinnuálag

Fulltrúaþingið tekur undir nýsamþykktu ályktun trúnaðarmanna LSH um óþolandi vinnuálag og undirmönnun á öllum deildum sjúkrahússins. Álag sem hefur valdið og veldur starfsmönnum óbætanlegu heilsuleysi, kvíða og vaxandi óöryggi, sem orðið hefur til þess að fjöldi hæfra starfsmanna hefur hætt eða íhugar að hætta störfum á sjúkrahúsinu og leita annað. Skyndilausnir sem felast í ráðningu erlendra starfsmanna leysa ekki vanda sjúkrahússins, tungumálaerfiðleikar auka álag á aðra starfsmenn og gætu valdið fjölgun óhappa í meðferð og umönnun sjúklinga, segir í samþykktinni.

Byggingin má bíða

Fulltrúaþing SLFÍ mótmælir byggingu nýs sjúkrahúss sem að flestra mati má bíða. Fjármunum sem ætlaðir eru til byggingarinnar er að mati þingsins betur varið til að efla og bæta það sem fyrir er. Auk þess sem þingið telur staðsetningu nýbygginganna orka tvímælis.

Gott sjúkrahús byggir á góðu sérmenntuðu starfsfólki, góðum starfsanda, samstöðu og sameiginlegum metnaði starfsmanna fyrir því að gera gott sjúkrahús betra. Þingið skora á stjórnendur sjúkrahússins að finna leiðir til að efla og bæta innra starf Landspítala-háskólasjúkrahúss ef það mætti verða til þess að leysa úr bráðaskorti á menntuðum sjúkraliðum og öðru sérmenntuðu starfsfólki.



Mannekla á heilbrigðisstofnunum krefst róttækra umbóta og aðgerða að mati 15. Fulltrúaþings Sjúkraliðafélags Íslands. Myndin er af húsi geðdeildar LSH. Mynd: EJ

Róttækar umbætur

Fulltrúaþing Sjúkraliðafélags Íslands telur að sá mikli skortur sem er á starfsfólki á heilbrigðisstofnunum geri kröfur um róttækar umbætur og aðgerðir til úrbóta, að því er fram kemur í ályktun 15. Fulltrúaþings SLFÍ um kjaramál.

Þar er lögð áhersla á að vinnutími og vinnuástanda heilbrigðisstarfsmanna verði aðlöguð að fjölskyldugildum samtímans:

- * Með styttri vinnutíma. Vinnuskylda vaktavinnufólks verði tekinn til endurskoðunnar og vikuleg vinnuskylda stytta í 36 klukkustundir.
- * Sjúkraliðum gefist kostur á að hætta störfum og fara 65 ára á lífeyri án skerðingar á lífeyristekjum.

* Þjónustutími leikskóla verði endurskoðaður með tilliti til þarfa vaktavinnufólks.

* Kjör sjúkraliða verði metin með tilliti til þeirra miklu hjúkrunarþyngdar, álags og ofbeldis sem orðin er hluti af daglegri önn þeirra sem starfa á sjúkrahöfnum.

Fulltrúaþing SLFÍ beinir þeim eindregnu tilmælum til kjaramálanefndar félagsins að taka nú þegar upp viðræður við fjármálaráðuneytið um endurskoðun á kjarasamningi félagsins með tilliti til breytinga sem urðu á launum starfahópa sem vinna við ummönnun og aðhlyningu á félags- og heilbrigðisstofnunum eftir að samningar voru undirritaðir.

Framkvæmdastjórn 2006-2008

Eftirtaldir sjúkraliðar skipa framkvæmdastjórn Sjúkraliðafélags Íslands næstu tvö árin:

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður. Kristín Ólafsdóttir, varaformaður. Kristjana Guðjónsdóttir, ritari. Margrét Þóra Óladóttir, gjaldkeri. Varamenn: Guri Liv Stefánsdóttir, vararitari og Sif Eiðsdóttir, varagjaldkeri.

Samtök heilbrigðisstétta

Sjúkraliðafélagið á aðild að Samtökum heilbrigðisstétta. Á síðasta Fulltrúaþingi voru eftirtaldir tíu fulltrúar kjörnir til setu í þeim samtökum:

Margrét Auður Óskarsdóttir, Suðurlandsdeild, Selma Albertsdóttir, Suðurlandsdeild, Eygló Hjálmarsdóttir, Suðurnesjadeild, María Sjöfn Helgadóttir, Suðurnesjadeild, Málfríður Vilbergsdóttir, Vesturlandsdeild, Sólveig Halldórsdóttir, Vestfjarðadeild, Halldóra Hinriksdóttir, Reykjavíkurdeild, Herdís Halldórsdóttir, Reykjavíkurdeild, Marianne Johannsson, Reykjavíkurdeild, og Ragnheiður Steinbjörnsdóttir, Reykjavíkurdeild.

Varafulltrúar félagsins eru: Ragnheiður Jónsdóttir, Suðurlandsdeild, Ásdís Óskarsdóttir, Suðurlandsdeild, Sjöfn Þórgrímsdóttir, Suðurnesjadeild, Lilja Högnadóttir, Suðurnesjadeild, Sigrún Anna Jónsdóttir, Reykjavíkurdeild, Sigrún Linda Birgisdóttir, Reykjavíkurdeild, Steinunn Ásta Zebitz, Reykjavíkurdeild, Sigurlaug Guðrún Þórarinsdóttir, Reykjavíkurdeild, Þórleif Sævaldsdóttir, Reykjavíkurdeild, og Friðný Möller, Reykjavíkurdeild.

Kjaramálanefnd

Á Fulltrúaþingi Sjúkraliðafélagsins voru eftirtaldir sjúkraliðar kjörnir í kjaramálanefnd félagsins:

Kristín Ólafsdóttir, Skógarbæ, Inga Lóa Guðmundsdóttir, Dagdvöl aldraðra Reykjanæsbæ, Kristjana Guðjónsdóttir, Miðstöð heimahjúkrunar, Ester Adamsdóttir, LSH Hringbraut, María Ingibergsdóttir, LSH Hringbraut, Ingibjörg Hafsteinsdóttir, LSH Fossvogi, Ragna Ágústsdóttir, LSH Fossvogi, Margrét Auður Óskarsdóttir, Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

Formaður félagsins, Kristín Á. Guðmundsdóttir, er sjálfkjörin í nefndina og formaður hennar.

Ritnefnd

Sigríður Sif Eiðsdóttir, Vífilsstaðir, Edda Sjöfn Smáradóttir, Vífilsstaðir, María Busk, Dvalarheimilið Hellu Rangárvöllum. Varamaður: Anna Sólveig Gunnarsdóttir, LSH Landakoti.

Prófið okkar metið inn í hjúkrunarnám

Íslenskur sjúkraliði, Aðalbjörg Karlsdóttir, stundar nú hjúkrunarnám við Sygepleie- og Radiografskolen í Herlev í Kaupmannahöfn. Íslenska sjúkraliðaprófið var metið sem heilt ár inn í hjúkrunarnámið þannig að Aðalbjörg getur lokið náminu á tveimur og hálfu ári, en fullt hjúkrunarnám er þrjú og hálf ár.

Sjúkraliðinn náði tali af Aðalbjörgu þegar hún var hér heima í sumarleyfi og það hana að segja frá námi sínu og störfum í Danmörku.

Sjúkraliði 2004

Ég hafði unnið við skrifstofustörf í hátt í tuttugu ár áður en ég fór í sjúkraliðanám, segir Aðalbjörg. Ég vann lengi við að taka á móti atvinnulausu fólki, þar af í sjö ár hjá VR, og í þeim störfum sá ég hversu mikilvægt það er fyrir fólk, ekki síst konur sem komnar eru á miðjan aldur, að hafi góða starfsmenntun. Þegar bygging Sóltúns hófst sótti ég um starf þar, tók þátt í uppbyggingu heimilisins og starfaði þar fyrstu þrjú árin sem skrifstofustjóri.

Ég hafði lengi stefnt að því að starfa við hjúkrun og lét loks verða af því að fara í sjúkraliðanám, kláraði það í kvöldskóla og útskrifaðist sem sjúkraliði í desember árið 2004.

Námið metið í Danmörku

Í Danmörku opnar sjúkraliðanámið fleiri leiðir til framhaldsnáms en hér á landi. Það er metið sem hluti af hjúkrunarnámi. Ég sótti um inngöngu í Sygepleie- og Radiografskolen í Herlev nokkru áður en ég útskrifaðist sem sjúkraliði, eða í mars 2004, og gat hafið nám þar eftir að ég hafði útskrifast hér heima sem sjúkraliði. Ég hætti störfum hjá Sóltúni 1. febrúar 2005 og byrjaði í skólanum í Herlev nokkrum dögum síðar, eða 4. febrúar.

Fullt hjúkrunarnám í Danmörku tekur þrjú og hálf ár, eða 35 mánuði, sem er nánast það sama og hér heima þar sem námið tekur 36 mánuði. Vegna þess að ég hafði lokið sjúkraliðanámi frá íslenskum framhaldskóla fékk ég prófið metið sem heilt ár inn í danska hjúkrunarnámið. Það



Aðalbjörg Karlsdóttir fékk íslenska sjúkraliðanámið metið sem eitt ár inn í hjúkrunarnám í Kaupmannahöfn. Mynd: EJ

þýðir að ég gat skráð mig inn á svokallaða Merit línu í Herlev sem tekur aðeins tvö og hálf ár. Sjúkraliðar sem fara í skólann leiðina sem ég fór, sleppa við alla þá grunnhjúkrun sem við höfum þegar lært, og verknámið á fyrsta ári tekur helmingi styttri tíma en hjá hinum sem ekki hafa sjúkraliðapróf. Hins vegar þurfum við að fara í öll próf eins og aðrir og sömu kröfur eru gerðar til okkar þar. Námið er á háskólastigi og útskrifumst við með Bachelor gráðu í hjúkrun.

Ég veit um tvo íslenska sjúkraliða sem luku hjúkrunarnámi í Herlev á undan mér, en próf frá skólanum veitir starfsréttindi um alla Evrópu.

Mikill munur á starfssviði

Það er auðvitað alveg stórkostlegt að geta tekið þetta nám á ekki lengri tíma því eftir því sem ég kemst næst þá er sjúkraliðaprófið ekki metið hér heima með sama hætti og í Danmörku, segir

Það kom mér alveg í opna skjöldu hvað sjúkraliðar fá að gera mikið í Danmörku í samanburði við það sem leyfist hér heima.

Aðalbjörg. Þetta er þungt háskólanám og alls ekki auðvelt að komast í gegnum það, en þetta hefur gengið hjá mér fram að þessu. Framundan er fimm mánaða starfsnám og valdi ég að taka það innan öldrunargeirans og síðan B.N.- ritgerðin, en hún er rannsóknarverkefni sem áætlað er að taku u.þ.b. fimm mánuði. Að því loknu get ég útskrifast, væntanlega í júní á næsta ári.

Síðastaliðið haust, þegar ég kom aftur út til Kaupmannahafnar eftir sumarleyfi, fór ég að vinna tvö kvöld í viku á lyflækningadeild Amtsjúkrahússins í Herlev og það hefur hjálpað mér mikið. Ég var góð í dönsku fyrir, enda áður búíð í Danmörku í þrjú ár, en vinnan á deildinni hefur auðveldað mér að komast inn í fagmálið og það hefur skilar sér vel í náminu.

Það kom mér alveg í opna skjöldu hvað sjúkraliðar fá að gera mikið í Danmörku í samanburði við það sem leyfist hér heima. Við fáum að vera með í að taka á móti sjúklingum, útskrifa þá og gera svo ótal margt fleira sem ég veit að sjúkraliðar hér heima fá almennt ekki að gera. Mér var falið að gera margt sem ég hafði aldrei fengið að sinna sem sjúkraliði hér heima, en það gekk allt mjög vel, enda hafði ég lært margt af þessu í sjúkraliðanáminu.

Sumir í skólanum í Herlev hafa gagnrýnt hversu hjúkrunarnámið sé akademískt eða fræðilegt, en ástæðan er einfaldlega sú að hjúkrunarfræðingar í Danmörku eru mjög mikið í stjórnunarstörfum og rannsóknum en ekki í beinni hjúkrun. Það er mjög algengt að á dönskum elliheimilinum séu hjúkrunarfræðingar einungis í æðstu stjórnunarstöðum en sjúkraliðar starfi sem deildarstjórar og þeir sjúkraliðar sem hafa farið á sérstakt námskeið bera ábyrgð á lyfjunum.

Það vakti líka athygli mína hvað samvinnan á milli hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða er góð þar sem ég hef séð til í Danmörku. Ófugt við það sem ég hafði áður kynnst hér heima þá þykir það sjálf-sagt mál að sjúkraliðar á deildinni hjálpi nýútskrifuðum hjúkrunarfræðingum sem hafa litla praktíska reynslu af hjúkrun, segir Aðalbjörg.

Dómur staðfestir forgang sjúkraliða

Mikilvægur dómur um starfsréttindi sjúkraliða féll í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 26. júní síðastliðinn í máli Haflínu I. Haflíadadóttur, sjúkraliða, gegn Reykhólahreppi, en þar staðfesti dómurinn þá skyldu stofnana að ráða sjúkraliða til sjúkraliðastarfa sé þess kostur.

Sjúkraliðinn krafðist þess að Reykhólahreppur yrði dæmdur til greiðslu bóta þar sem framhjá henni hafði verið gengið þegar ráðið var í auglýsta stöðu sjúkraliða á hjúkrunarheimilinu Barmahlíð, en Haflína var eini sjúkraliðinn sem sótti um stöðuna. Í stað þess að ráða sjúkraliða til heimilisins voru ráðnir tveir ófaglærðir starfsmenn. Héraðsdómur staðfesti það sem Sjúkraliðafélagið hefur haldið fram, að ekki sé leyfilegt að ráða aðra en sjúkraliða til sérhæfðra ummönnunar/hjúkrunarstarfa nema að undangengin auglýsing hafi ekki borið árangur.

Fortakslaus lagaskylda

Niðurstaða héraðsdóms er svohljóðandi: Samkvæmt 1. gr. laga um sjúkraliða nr. 58/1984 hafa þeir einir rétt til að starfa sem sjúkraliðar hér á landi sem fengið hafa til þess leyfi heilbrigðisráðherra. Samkvæmt 4. gr. laganna er óheimilt að ráða sem sjúkraliða aðra en þá sem hafa starfsleyfi samkvæmt lögunum. Heimild til setningar reglugerðar með nánari ákvæðum um framkvæmd laganna er að finna í 8. gr. laganna, sbr. reglugerð nr. 897/2001. Starfs svið sjúkraliða er skilgreint þannig í 3. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar: „Sjúkraliði starfar einkum við almenna og sérhæfða umönnun sjúkra og við þau hjúkrunarstörf sem hann hefur menntun og faglega færni til að sinna.“ Samkvæmt 4. gr. reglugerðarinnar er ekki heimilt „að ráða aðra en sjúkraliða til sérhæfðra umönnunar- og hjúkrunarstarfa samkvæmt 3. mgr. 3. gr. nema áður hafi verið auglýst eftir sjúkraliðum.“ Samkvæmt þessu er vafalaust að ákvæði 4. gr. tilvitnaðrar reglugerðar hefur fullnægjandi lagastöð. Það að ákvæðið geti ekki tekið til sveitarfélaga heldur einungis ríkisstofnana er fjarri lagi.

Mjög ólíklegt verður að telja, m.a. vegna vaktavinnu, að hjúkrunarfræðingur, sem gegndi starfi hjúkrunarforstjóra, og sjúkra-



Héraðsdómur Reykjavíkur hefur staðfest forgang sjúkraliða til starfa.

Mynd: EJ

liði í 80% starfi hafi getað sinnt öllum sérhæfðum umönnunar- og hjúkrunarstörfum á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Barmahlíð. Um það verður vart fundin réttari niðurstaða en sú sem birtist í mati stefnda sjálfs sem auglýsti eftir sjúkraliða. Hér var um fortakslausa lagaskyldu að ræða og skoðanir forsvarsmanna stefnda varðandi frammistöðu stefnanda í starfi eða ætlaða persónulega eiginleika hafa ekki vægi.

Réttur var brotinn

Réttur var brotinn á stefnanda við það að fram hjá henni var gengið við umrædda ráðningu og hefur stefndi með því bakað sér bótaskyldu gagnvart henni. Samkvæmt

Fyrir dóminn kom fjöldi vitna, þar á meðal fyrrum samstarfsmenn sjúkraliðans, sem báru vitni um störf hans við Barmahlíð. Ekkert kom þar fram sem réttlætt gat þá afstöðu sem fyrrverandi hjúkrunarforstjóri tók gegn sjúkraliðanum.

skattframtölum voru heildartekjur stefnanda nærfellt hinar sömu árið 2005 sem árið 2004. Á tólf mánaða tímabili frá 1. september 2004 voru tekjur stefnanda nokkrum hundruðum þúsunda króna lægri en verið hefði í áframhaldandi starfi í Barmahlíð. Tjón stefnanda felst einkum í því að vegna hinnar ólögga ákvörðunar stefnda á hún þess ekki kost í ótiltekinn tíma að sinna í heimabyggð sinni starfi sem hún hefur hlotið menntun til. Það verður metið að álitum og eru bætur fyrir fjártjón stefnanda ákveðnar 1.200.000 krónur.

Fallist er á að stefnandi hafi orðið fyrir miska við það að svo berlega var fram hjá henni gengið og umsókn hennar að auki ekki virt svars fyrr en að kröfu lögmanns. Miskabætur eru ákveðnar 300.000 krónur.

Samkvæmt þessu er niðurstaða málsins sú að dæma beri stefnda til að greiða stefnanda 1.500.000 (1.200.000 + 300.000) krónur með vöxtum eins og greinir í dómsorði. Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað sem er ákveðinn 450.000 krónur.

Ábyrgð hjúkrunarforstjóra

Nokkur blaðaskrif hafa orðið í kjölfar dómsins. Tvær greinar, þar sem harkalega var ráðist á sjúkraliðann, birtust í Morgun-

blaðinu. Þegar seinni greinin hafði birst sáu lögmenn sjúkraliðans og Sjúkraliðafélagsins, Hörður Felix Harðarson og Geir Gestsson, sig knúna til andsvara. Hér verður gripið niður í nokkur atriði í grein lögmanna. Millifyrirsagnir eru blaðsins.

Þann 16. júlí síðastliðinn birtist grein í Morgunblaðinu eftir fyrrverandi hjúkrunarforstjóra Barmahlíðar. Í greininni var sjúkraliðinn sem sótti um starfið borinn þungum sökum. Greininni var ekki svarað enda til þess að líta að hjúkrunarforstjórinn bar sjálfur ábyrgð á þeim atvikum sem voru tilefni dómsmálsins. Með greininni freistaði hjúkrunarforstjórinn þess að verja eigin gerðir með því að varpa sök á sjúkraliðann sem málið sótti. Í greininni birtist mjög glögglega óvild í garð sjúkraliðans sem virðist hafa einkennt afstöðu hjúkrunarforstjórans til sjúkraliðans við meðferð málsins.

Þessum árásum á sjúkraliðann er nú haldið áfram af Birki Egilssyni, starfsmanni Reykhólahrepps. Rétt er að fram komi að umræddur Birkir hefur aldrei starfað með sjúkraliðanum sem greininni er beint gegn. Greinin er því ekki byggð á hans eigin upplifun heldur „viðtölum, yfirlestri á dómi og persónulegri túlkun.“ Í greininni eru slíkar rangfærslur að ekki verður hjá því komist að koma á framfæri leiðréttingum til varnar sjúkraliðanum.

Dæmt eftir landslögum

Það er rétt hjá Birki að vísað var til ákvæða laga í forsendum dómsins. Það ætti ekki að koma á óvart í ljósi þeirrar grundvallarreglu að dómstólar dæmi eftir landslögum. Það er hins vegar rangt hjá Birki að í forsendum dómsins felist að forsvarsmenn Barmahlíðar hafi ekki getað ráðið hæfasta einstaklinginn til starfsins án þess að brjóta með því gegn lögum. Það var nákvæmlega það sem forsvarsmönnum Barmahlíðar bar að gera - að ráða hæfasta einstaklinginn - en gerðu ekki.

Umsækjendur um starfið voru þrír en þar af var einungis einn með menntun og reynslu sem sjúkraliði. Fyrrverandi hjúkrunarforstjóri kaus að ráða heldur til starfsins ófaglærðan einstakling. Sú ráðning fór þvert gegn skýrum ákvæðum landslaga þar sem kveðið er á um forgang menntaðra sjúkraliða til sjúkraliðastarfa. Hugsunin hér að baki er nokkuð augljós, það er að tryggja að til slíkra starfa ráðist ekki aðrir en þeir sem hafa menntun og faglega færni til að sinna starfinu, ef slíkra er á annað borð vöð. Með því eru best tryggðir hagsmunir þeirra sem þurfa á þjónustu af þessu tagi að halda.

Rakalausar fullyrðingar

Af þessum lagaákvæðum leiðir hins vegar ekki að sjúkraliðar „geti brotið að baki

sér allar brýr“ en samt notið forgangs til starfs, líkt og Birkir vill vera láta. Hér er einmitt komið að kjarna þeirra ranginda í garð sjúkraliðans sem birtast í greinarskrifum Birkis og fyrrverandi hjúkrunarforstjóra. Settar eru fram fullyrðingar um vanhæfi sjúkraliðans til starfs og meðal annars vísað til kvartana, áminninga og skorts á meðmælum. Á fullyrðingum af þessu tagi var byggt af hálfu Reykhólahrepps við meðferð málsins og lagt fyrir



Hörður Felix Harðarson.

- þeir voru lögmenn sjúkraliðans og Sjúkraliðafélags Íslands í Reykhólamálinu.

inn hafði ásamt fjölda annarra starfsmanna kvartað skriflega undan störfum og framkomu fyrrverandi hjúkrunarforstjóra. Að mati sjúkraliðans varð veruleg breyting á viðmóti hjúkrunarforstjórans eftir að umrætt bréf var sent stjórn Barmahlíðar.

Ræddi aldrei við meðmælendur

Fullyrðing um að sjúkraliðinn hafi ekki getað lagt fram meðmæli er röng. Á umsóknareyðublaði var vísað til tveggja með-



Geir Gestsson.

héraðsdóm að meta hvort tilnefndar ástæður hafi réttlætt að ráða ekki sjúkraliðann. Augljóst er að slíkar ávirðingar, ef réttar reyndust, gætu einmitt réttlætt slíka ákvörðun. Niðurstaða dómsins er skýr um það að enga slíka réttlættingu var að finna í málinu.

Augljóst er að dómstólar landsins geta ekki lagt rakalausar fullyrðingar til grundvallar niðurstöðum sínum. Sjúkraliðinn sem um ræðir var aldrei áminntur fyrir brot í starfi hjá Reykhólahreppi. Fullyrðing um að sjúkraliðinn hafi tvívegis verið áminntur er því röng. Fyrir dóminn kom fjöldi vitna, þar á meðal fyrrum samstarfsmenn sjúkraliðans, sem báru vitni um störf hans við Barmahlíð. Ekkert kom þar fram sem réttlætt gat þá afstöðu sem fyrrverandi hjúkrunarforstjóri tók gegn sjúkraliðanum.

Hins vegar lá fyrir í málinu að sjúkralið-

mælenda. Hjúkrunarforstjórinn staðfesti hins vegar fyrir dómi að hún hefði látið það vera að kanna þau meðmæli frekar.

Jafnframt liggur fyrir að umsókn sjúkraliðans um starf við Barmahlíð var eina umsóknin sem hjúkrunarforstjórinn virti ekki svars. Það var ekki fyrr en sjúkraliðinn leit aði sér lögfræðiaðstoðar að svör bárust. Meðferðin sem sjúkraliðinn sætti var talin þess eðlis að héraðsdómur taldi rétt að ákvarða honum miskabætur auk bóta vegna fjártjóns.

Hreppurinn áfrýjaði ekki

Athugasemdir Birkis um aðkomu Sjúkraliðafélags Íslands að þessu máli eru illskiljanlegar. Félagið hefur af eðlilegum ástæðum staðið við hlið sjúkraliðans í þessari baráttu allri. Hlutverk félagsins er að gæta hagsmuna og réttinda félagsmanna og beita sér gegn hvers kyns misrétti sem félagsmenn kunna að vera beittir af vinnuveitendum. Það eru vandfundin mál þar sem ríkari þörf er á liðsinni félagsins en einmitt í því máli sem Birkir hefur kosið að gera að umtalsefni.

Rétt er að geta þess að lokum að málinu var ekki áfrýjað af hálfu Reykhólahrepps og miska- og skaðabætur hafa þegar verið greiddar til sjúkraliðans. Segir það sína sögu um málstað sveitarfélagsins.

Málinu var ekki áfrýjað af hálfu Reykhólahrepps og miska- og skaðabætur hafa þegar verið greiddar til sjúkraliðans. Segir það sína sögu um málstað sveitarfélagsins.



Sjúkraliðafélag
Íslands

Haustleiga orlofshúsa og íbúða félagsins

Félagsmenn Sjúkraliðafélags Íslands eiga kost á að velja á milli leigu þriggja orlofshúsa og íbúða í Reykjavík og á Akureyri um helgar og/eða vikuleigu á tímabilinu frá 26. september 2006 til 5. janúar 2007.

Leigugjöld eru:

- Vikuleiga frá föstudegi til föstudags 16.500 krónur
- Helgarleiga frá föstudegi til mánudags 11.000 krónur
- Ein nótt 4.000 krónur
- Framhaldsleiga, sólarhringurinn 1.500 krónur
- Jól 22. til 29. desember (jólavikan) 19.000 krónur
- Áramót 29. desember til 5. janúar 2007 (áramót)..... 19.000 krónur

Fyrir leigu um jól og áramót eru dregnir af fimm orlofspuntar.

Tekið er á móti umsóknum á skrifstofu félagsins frá 25. september 2006.

Orlofshúsum og íbúðum verður ráðstafað í þeirri röð sem umsóknir berast. Ganga þarf frá leigusamningum að minnsta kosti viku fyrir brottför. Að öðrum kosti áskilur Orlofsnefnd félagsins sér rétt til að falla frá úthlutun og endurleigja húsnæðið öðrum félagsmanni.

Umsóknum skal komið á skrifstofu félagsins að Grensásvegi 16, 108 - Reykjavík. Símar á skrifstofunni eru 553 9493, 553 9494. FAX 553 9492. Tölvupóstfang margret@slfi.is

Leiga á sængurfatnaði

Leigutökum á íbúð félagsins í Reykjavík og á Akureyri er boðið að leigja sér sængurfatnað, handklæði og þrifaklúta sem þarf til heimilishalds. Leigugjaldið er 1.000 krónur í Reykjavík en 1.300 krónur á Akureyri.



Staðfærna þrennaemöjan / 6606



Kiðjabergr sumarhús

Kiðjabergr - tvö sumarhús

Kiðjabergr í Grímsnesi á Suðurlandi, í 75 km. fjarlægð frá Reykjavík. Áhugaverður staður fyrir útivistarfólk og golfáhugamenn, 18 holu golfvöllur er í Kiðjabergr og 9 holu völlur í Hraunborgum. Um landið liggja víða fallegar gönguleiðir með útsýni til jökla og hafs. Frá Selfossi að Kiðjabergr er u.þ.b. 20 mínútna akstur. Húsin eru heilsárhús með stofu, eldhúsi, rúmgóðri forstofu, baðherbergi og 3 svefnherbergjum. Rúm og sængur eru fyrir 8 manns, auk tveggja lausra dýna. Umhverfis húsin er vernd með rafhituðum potti fyrir 4 - 6.



Sigurhæði í Biskupstungum

Sigurhæð - sumarhús

Sigurhæð er í landi Úthliðar í Biskupstungum 15 kílómetra fyrir austan Laugavatn. Bústaðurinn er heilsárhús með 3 svefnherbergjum. Rúm og sængur eru fyrir 7 manns, auk tveggja lausra dýna. Umhverfis bústaðinn er vernd með heitum potti. Í næsta nágrenni eru skemmtilegar gönguleiðir, stutt í þjónustu og marga áhugaverða staði svo sem Laugavatn, Geysi, Gullfoss, Skálholt, Flúðir og fjölmargt annað.



Íbúð í Reykjavík

Fellsmúli 16 - íbúð í Reykjavík

Rúmgóð þriggja herbergja íbúð í næsta nágrenni við skrifstofu félagsins. Íbúðin er búin helstu þægindum, síma, sjónvarpi, myndbandstæki og með aðgangi að velbúnu þvottahúsi. Svefnaðstaða er fyrir 7- 9 manns, þar af fyrir tvo á dýnum. Fellsmúllinn er vel staðsettur, örstutt í strætisvagna við Grensásveg. Verslanir í Skeifunni og Krínglunni eru í göngufæri og stutt að sækja útivistasvæði Reykvikinga í Laugardalnum heim.



Íbúð á Akureyri

Hamratún 26 - íbúð á Akureyri

Þriggja herbergja 99 fm. íbúð á neðri hæð í tvíbýli, svefnpláss er fyrir 6 - 8 þar af fyrir 6 í rúmm með sængum, tvær lausar dýnur fylgja. Íbúðinni fylgir allur almennur búnaður sem eðlilegt er að fylgi til heimilishalds, útvarp og sjónvarp. Uppþvottavél er í eldhúsi, þvottavél og þurrkari í þvottahúsi. Securitas hefur eftirlit með íbúð félagsins á Akureyri.